

| kóngafólk | tíska | tíðarandi | heilsa | matur | stjörnuþá | tónlist |

# Hugsar um það sem er gott

» Ingibjörg Þorbergs

## LOÐSKINN OG LEÐURFLÍKUR

» hlý föt fyrir veturinn

## UMHIRÐA HÚÐAR

» blaðauki um útlit og snyrtivörur

# birta

á björtu nótunum

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN  
4. – 10. nóvember

L' O R

**12 SINNUM MEIRA UMFANG AUGNHÁRANNA.  
TAKMARKALOUS DJÖRFUNG!**

Aishwarya Rai sést hér með Volume Shocking í svörtum lit




# É

# A

# L



PARIS



## NÝTT VOLUME SHOCKING

TVÖFALDUR MASKARI SEM EYKUR UMFANG AUGNHÁRANNA

**SKREF 1:** Grunnur sem undirbýr og mótar augnhárin þannig að útkoman verður enn greinilegri.



**SKREF 2:** Greiða sem inniheldur maskara auk blöndu sem eykur umfang augnháranna og lengir þau.



4 ára rannsóknir á 16 einstaklingum. Vísindalega sönnuð áhrif. ÞVÍ ÞÚ ÁTT ÞAÐ SKILID.

[www.lorealparis.com](http://www.lorealparis.com)

# L'ORÉAL PARIS

# Fallegt og vinsælt danskt jólaskraut

verð aðeins kr. 1.250.- í fallegum gjafapakka

menu



Á aðventukertin



1. Gjafapakki



5. Jólatri



11. Snjókorn



2. Stjarna



6. Tromma



12. Slaufa



3. Mistilteinn



7. Engill



4. Hjarta



8. Jólafur



9. Laufblað



10. Rugghestur

www.tk.is

ERUM FLUTT ÚR FAXAFENI Í KRINGLUNA

*Tékk*  
**KRISTALL**

ER AÐEINS Í KRINGLUNNI





**Petta helst**

- 7 Seríur gleðja í skammdeginu
- 8 Tíðarandi
- 10 Brennsla mr. Sillu
- 12 Leður- og loðflíkur fyrir veturinn
- 14 Forvarnarleikritið Hvað ef?
- 16 Hirð Danapransins stækkar

**Viðtal**

- 18 Ingibjörg Þorbergs: Hugsar mest um það sem er gott

**Hann hún**

- 22 Sætt og gott
- 26 Þórhildur Elín með barn undir belt
- 30 Ólífuolía er meinholl
- 32 Brynhildur stingur í samband
- 53 Stjörnumerkin og húsverkin

**Útlit og snyrtivörur**

- 40 Gamli varalitir eru varasamir
- 46 Kuldi orsakar æðaslit
- 48 Nýjasta nýtt í snyrtivörum
- 50 Stjörnur í fögru skinni

**Í hverju blaði**

- 32 Stjörnuþá
- 54 Krossgáta
- 55 Sjónvarpsdagsskrá næstu viku

18



12



16

**birta**

4. nóvember - 10. nóvember 2005 nr. 44

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar  
 RITSTJÓRAR: Steinunn Stefánsdóttir  
 steinunn@frettabladid.is  
 og Sigríður Björg Tómasdóttir  
 sigridur@frettabladid.is  
 ÁBYRGÐARMADUR: Steinunn Stefánsdóttir  
 RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR:  
 Skaftahló 24, 105 Reykjavík, sími 550 5000  
 DREIFING: Pósthúsið ehf., sími 585 8330

AUGLÝSINGAR:  
 Laila Awad / laila@365.is  
 Sölustjóri 550 5848 / 824 2356  
 Ester Sigurðardóttir / ester@365.is  
 Sölufultrúi 550 5828 / 899 7600  
 Ámundi Ámundason / amundi@frettabladid.is  
 Sölufultrúi 550 5811 / 821 7514  
 Henný Sif Bjarnadóttir / henny@365.is  
 Sölufultrúi 550 5834 / 862 0780

UMBROT: 365 – prentmiðlar  
 Kristín Agnarsdóttir og Einar Elf Magnússon  
 PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf.  
 FORSÍÐUMYND: Hari  
 NETFANG: birta@frettabladid.is  
 Birta er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Akureyri, Akranesi, Borgarnesi, Selfossi og Hveragerði.



**FJÖLMÖRG  
AUKAFLUG  
TIL KAUPMANNAHAFNAR  
FRAM AÐ JÓLUM**

# ALLUR PAKKINN Í KÖBEN!

Heimsæktu huggulegustu borg í heimi á hagstæðu verði!

- Það er fátt skemmtilegra en Kaupmannahöfn þegar líður að jólum. Ilmurinn af „julefrokost“ berst um strætin og Tívoli opnar aftur skreytt svo mörgum jólaljósum að þú sérð þau nánast héðan.
- Hvort sem þig langar til að rölta kæruleysislega á milli kaffihúsa eða taka jólainnkaupin með trompi er Kaupmannahöfn staðurinn, þar geta allir fundið sér eitthvað skemmtilegt að gera.

➤ Bókaðu ferð til Kaupmannahafnar strax á [icelandexpress.is](http://icelandexpress.is)



Verð frá: **7.995 kr.\***  
Barnaverð: **5.995 kr.\***

\*Aðra leið með sköttum. Gildir fyrir börn 12 ára og yngri í fylgd með fullorðnum

 **Iceland Express** 



## Ljúfasta leiðin

» til að halda geðheilsunni í skammdeginu

Hver skyldi fyrstur hafa fengið þá snilldarhugmynd að taka jólatræsseríu og hengja hana á einhvern fallegan stað þegar jólin voru búin? Einhver snillingurinn hefur það verið sem ákvað að pakka ekki seríunni með hinu jóladótinu heldur leyfa henni að gleðja sig með daufum bjarma allt skammdegið þar til snjóa leysti. Sem betur fer eru fleiri búnir að gera sér grein fyrir því hvað seríur geta verið mikil heimilisprýði og glatt hjörtun í skammdeginu og nú er ekki seinna vænna að draga fram ljósakeðjuna sína þegar snjórinn hefur knúð dyra og tilkynnt komu vetrarins. Það er fallett að hengja ljósin sín kringum spegla, á veggjum eða bara þar sem þér sýnist. Sumir vilja setja seríuna undir neðstu hilluna í skápnum til að þaðan stafi leyndardómsfullt birtu, aðrir vefja henni utan um húsgögnin, hengja á fatahengið eða bara þar sem er pláss. Svo hafa seríurnar það fram yfir kertin að það má sofna út frá þeim. Besta og ljúfasta leiðin til að halda geðheilsunni í skammdeginu er að lýsa það upp. Með ljósakeðju. Hvar og hvernig sem er. Eina reglan er að þér finnist það flott.

## heitt & kalt



**HERÐASLÁR** Herðaslárnar eru það heitasta núna. Ef þú fleygir einni herðaslá yfir jakkann þinn, peysuna eða dragtina þá ertu alveg heit, svo verður þér líka heitt.



**BLANDA SAMAN MISMUNANDI LÖGUM** í fatavali. Skyrta yfir peysu sem fer undir vesti og þess háttar. Nú er bannað að vera hræddur við að prófa sig áfram og um að gera að vera frumlegur í að blanda saman.



**KÚREKASKYRTUR** Kúrekaskyrturnar eru ekki alveg búnar að ákveða sig hvort þær vilja vera heitar eða kaldar. Skyrturnar dansa á línunni og brugðið getur til beggja átta.



**ÍSBLTÚRAR** Er það málið í kuldunum? Er ekki til eitthvað sem heitir kakóbíltúr eða heitur pönnukökubíltúr. Svo má líka bara rúnta um og njóta miðstöðvarinnar, einskonar miðstöðvarbíltúr.




**AÐ HUNSA SMÁKAUPEMENN** Í dag þykir það mannsprýði að styrkja kaupmanninn á horninu og þykir heldur glatað að hunsa smákaupmennina. Risarnir eiga alveg nóg af peningum. Svo er líka rosalega gaman að versla hjá smákaupmönnum.

### » Nóvember

## Þegar stressið fer á stjá

Nú er tíðin þegar námsmenn líta á dagatalið og sjá að nóvember er kominn! Mánuður í prófatíð. Fyrstu viðbrögð eru að fyllast vonleysi. Ólesnir bókastaflar varpa skugga yfir birtu sjálfstraustins. „Hvert fór tíminn?“ spyrja námsmenn sig örvæntingarfullir og hugsa um skiptin sem eytt var í almenna leti. Veggir Þjóðarþóklöðunnar þenjast undan stríðum straumi námsmanna sem vilja grípa í rassinn áður en of seint verður. En örvæntið ekki kæru nemar. Námsmenn hafa gengið í gegnum þetta frá örófi alda og alltaf lífað af. Það er nægur tími enn. Þurrkið svitaperlurnar af enni og hefjist handa, munið bara að blása og anda.



### » Tónlist

## (Cover)plötu-jólin 2006

Það bíða margir spennir eftir þeim sætindum sem tónlistarútgáfur landsins bera á borð fyrir hver jól, enda jólin lang stærsta tímabil tónlistarútgáfu á Íslandi. Fyrir þessi jól virðist lang stærsta útgáfufyrirtæki landsins, Sena, ætla helst að veðja á endurútgáfur, safnplötur og síðast en ekki síst á plötur með tónlistarmönnum sem eru að syngja áður útkomin lög eða svokallaðar cover-plötur. Í ár koma til dæmis út safnplötur með Bó, Sögu Beinteins, Geirmundi Valtýssyni auk 10 platna útgáfu af bara því besta með ýmsum íslenskum listamönnum. Helstu tónlistarmennirnir sem eru að gefa út plötur eru Bjarni Ara, Regína Ósk, Óskar Pétursson, Heitar lummur, auk fjölda annarra. Um 70% allrar plötuútgáfu Senu fyrir þessi jól eru einmitt cover-plötur, endurútgáfur og safnplötur þannig að þetta virðist svo sannarlega vera það sem hittir í mark hjá íslenskum tónlistar-kaupendum, eða hvað?

### » Snjóboltar

## Vopnaður snjóboltum í snjóstríði

Nú þegar snjórinn er kominn þarf að varast unga snjóboltagerðarmenn. Allir vita að tilgangurinn með að hnoða saman snjóboltum er enginn sé boltanum ekki kastað af afli í hlut eða fólk og helst að það sé á hreyfingu. Það er aldrei að vita hvenær maður verður fyrir árás. Saklaus bílstjóri velur tilviljana-kennda leið til aka og er grandalaus fyrir því sem bíður handan hornsins. Æstir ungir snjóboltagerðamenn tilbúnir í stríð, drita snjóboltum í ökutæki saklausa bílstjórans sem veit ekki hvaðan á sig stendur snjórinn. Hvað sem þið gerið, ekki fara út úr bílnum, þið hafið ekki roð við hnoðurinum.



**Björgvin Halldórsson** Ár og öld



**Óskar Pétursson** Þú átt mig ein



**Regína Ósk** Regína



**Sigga Beinteins** Allt eða ekkert





## 15 ára ábyrgð er á sængum frá Gæði og Mýkt.

**Aloe Vera** gæsadúnsæng er mjúk og þægileg en hver þráður áklæðisins er vættur með safu aloe vera plöntunnar sem oft hefur verið nefnd "kraftaverkaplant" eða „græðari náttúrunnar“ og er ein elsta lækningajurtin frá örófi alda.

Ástarkoddinn **ROMANCE** örvar ástarlíf landans. Koddinn ilmar af rómantík!

Slökunarkoddinn **LAVANDER** veitir allri fjölskyldunni ró eftir eril dagsins. Koddinn ilmar af ró!

Hágæða sængurverasett frá Gæði og Mýkt eru falleg, mjúk og þægileg í alla staði. Settin þola suðu og klór !

# Hágæða dúnsængur og dúnkoddar



### Opnunartími:

Virka daga 11-18 • Fimmtudaga 11-21 • Laugardaga 13-16

Aloe Vera



**turiform**

*Gæði & Mýkt*  
- í svefninn þinn

Grensásvegur 12, sími 568 1919



## brennslan mín ...

Sigurlaug Gísladóttir tónlistarkona

### Frekar partí en rólegheit

Tónlistarkonan Mr. Silla, eða Sigurlaug Gísladóttir, segist vera alæta á tónlist og setti því saman brennslu fyrir Birtu með glöðu geði. „Brennslan hjá mér er svolitill partídiskur. Tónlist sem ég hlusta á þegar ég er í stuði. Það var annaðhvort að velja það eða rólega tónlist.“ Silla vakti verðskuldaða athygli á seinustu Airwaves hátíð fyrir framúrskarandi tónleika. Þar söng hún meðal annars nokkur cover-lög á frumlegan hátt. Ekkert þeirra laga birtist þó hér í brennslunni. „Nei ég ákvað bara að láta þau í friði, hvíla þau aðeins. Þau lög hefðu reyndar frekar verið í rólegu brennslunni minni.“

### » birta mælir með...

...**BÓKINNI Í FYLGD MEÐ FULLORÐNUM** eftir Steinunni Ólínu Þorsteinsdóttur! Frásagnarháturinn er brotakenndur og þetta er ekki skáldsaga í hefðbundnum skilningi en virkilega skemmtilegar og fyndnar en líka átakanlegar og sorglegar minningar persónu sem segist í upphafi bókar aldrei muna neitt. Þessi bók bæði skemmtir lesandanum og snertir við honum.



... **NÝJU PLÖTU HJÁLMA** Strákarnir í Hjálmmum standa alltaf fyrir sínu. Á disknum eru tíu lög sem eru hvert öðru betra. Íslensk reggítónlist eins og hún gerist best með skemmtilegum og ljóðrænum textum. Platan er blönduð léttari lögum og angurværum og býður upp á tónlist sem hentar vel við hvaða tækifæri. En eitt er víst að maður verður alltaf aðeins léttari í skapinu við að dilla sér við Hjálma. Birta mælir einnig með að setja lag númer sjö barasta á replay.

...**HINU GÓÐA GUAVA!** Guava er mörgum Íslendingum framaði ávöxtur þar sem það er tiltölulega nýfarið að fást hérlendis en framandleikinn ætti ekki að letja fólk til þess að bragða á honum. Bragðið er nefnilega afar sérstakt, pínulítið súrt og sterkt og sætt allt í senn og passar því afar vel með ís eða rjóma. Guavasafi er líka afar ljúffengur og svalandi. Þá má ekki gleyma lyktinni sem kemur af ávextinum og prýðir heimilið, sterk og suðræn svo hugurinn leitar þegar á suðrænni slóðir.



**TRACK 1 SEVEN NATION ARMY – ALICE RUSSEL**  
Ég stóð með munninn opinn gegnum allt lagið fyrsta skipti sem ég heyrði það. Geðveikt cover af White Stripes, þessi kona er með klinkaða rödd.

**TRACK 2 HOE CAKES – MF DOOM**  
Fyrsta upphálds MF Doom lagið mitt.

**TRACK 3 HOW WE DO – MOUNT SIMS**  
Ég held að þetta sé hið eiginlega partílag. Þessu Austurríkismenni tókst það.

**TRACK 4 BUCKY DONE GUN – M.I.A.**  
Þetta lag lætur mig langa til að hrista á mér rassinn þangað til hann dettur af. Gaman líka að fá eitthvað svona semi-ferskt inn í poppheiminn.

**TRACK 5 1 THING – AMERIE**  
Þetta er síðan bara besta popplag í heiminum. Mig grunar reyndar að þetta verði eina góða lagið með þessari stelpu, en það skiptir svo sem ekki máli.

**TRACK 6 THE BOXER – CHEMICAL BROTHERS FEAT. TIM BURGESS**  
Chemical Brothers eiga nokkur lög sem láta manni líða vel og láta mann fá fíðrildi í magann. Tim Burgess kom mér líka á óvart í þessu lagi.

**TRACK 7 NEW HEALTH ROCK – TV ON THE RADIO**  
Langbesta TV on the Radio lagið. Sérstaklega hentugt til að dansa við þegar maður er að elda egg og beikon.

**TRACK 8 SERVE THIS ROYALTY – CODY CHESSNUTT**  
Þessi gaur er bara mest „keepin' it real“ af þeim öllum. Einlægt og fallegt lag um hvernig skóm hann gengur í.

**TRACK 9 JIMMY WAS A ROCKSTAR – COMMON FEAT. ERYKAH BADU**  
Klikkað lag, ég get eiginlega ekki lýst því. Þau eru bæði rosalega, rosalega klár.

**TRACK 10 A MALE ANGEL MEANS BUISNESS – SKELETONS**  
Þetta lag sameinar svo margt sem mér finnst fint. Plús að hann skrifar síðan svona líka finan texta við. Eitt af uppháldsögnum mínum.

NÝTT

## Rafknúinn þvottabursti

Black & Decker hafa sett á markað nýjan rafknúinn þvottabursta sem nýtist við margskonar heimilistörf. Burstinn er mjög kraftmikill og má nota í baráttu við illa djöfla sem oft fylgja eldamennsku, eins og brenndar pönnur, skítuga ofna og fleira. Burstann er einnig hægt að nota sem einfaldan uppþvottabursta eða til þess að skrubba vaska auk þess sem hægt er að setja klút fram á burstann og nota hann þannig til að bóna og hreinsa ýmsa fleti. Hægt er að fá margskonar hausa fyrir mismunandi verkefni, til dæmis grófan, mjúkan og langan. Á burstanum er einnig skaft sem hægt er að nota til þess að skrapa óhreinindi í burtu og koma þannig í veg fyrir ónýtar neglur. Burstinn gengur fyrir rafhlöðum og er hann sérstaklega hannaður til þess að fara vel í hendi og að hann sé auðveldur í notkun. Burstinn kemur með tveggja ára ábyrgð.







ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN  
BORGARLEIKHÚSINU

# HAUST

[ Íd ]



Landsbankinn

**FRUMSÝNING**

04.11.2005

CRITIC'S CHOICE?  
WONDERLAND  
POCKET OCEAN

FÖS 04. NÓV. **ADEINS**  
SUN 06. NÓV. **5 SÝNINGAR**  
SUN 13. NÓV.  
SUN 20. NÓV.  
MIÐ 23. NÓV.

Miðasala í Borgarleikhúsinu s. 568 8000 eða á [www.id.is](http://www.id.is)






Peysa með loðkraga,  
26.990 kr. Sand



Vent Couvert vesti,  
áprentað kanínuskinn,  
39.900 kr. Kúltúr



Lykkklappa,  
4.990 kr. Kúltúr



Refur,  
16.000 kr. Hvitlist



Vent Couvert  
kanínuskinnsjakkí,  
98.900 kr. Kúltúr

Rautt leðurpils  
kr. 26.900  
Verksmiðjan



Appelsínugulur  
kanínukragi  
kr. 11.700 Verksmiðjan




## Loðfeldir og leður

Leður og loðnar flikur eru mjög áberandi í fatatísku vetrarins og eru í raun orðnar fastur þáttur í vetrartískunni yfir höfuð þó þær séu misáberandi á milli ára. Við hér á Fróni eigum ekki síst að tileinka okkur þessa tísku. Leður og loðflikur er hlýjar, mjúkar og henta frábærlega fyrir íslensku veðráttuna. En það eru ekki bara fötin sem eru loðin og leðurhúðuð heldur eru fylgihlutirnir afskaplega leðraðir og loðnir líka. Í búðunum má til dæmis sjá hvítar loðbomsur, loðna tigrishæla, antilópuhliðartösku, þrjónapeysu með refaskinnsbryddingu, loðna lykkklippu og svo mætti lengi telja. Nýlunda er að sjá loðnum efnum blandað saman við ólík efni eins og dún og þrjón. Dýramynstrin eru líka alltaf flott, tigris-, pardus-, sebra- og beljumynstur eru heit og hugguleg og ganga við allt, jafnt gallabuxurnar sem síðkjólinn.

Umsjón: Hildur Hafstein.



Dolce & Gabbana  
leðurtaska  
76.990 kr. Noma



Fjólublá dádýrstaska  
kr. 25.500 Verksmiðjan



Rauðir leðurhanskar,  
3.990 kr. Kúltúr

Svartir hanskar úr  
leðri og kanínuskinni,  
12.990 kr. Sand



Stígvél,  
19.990 kr.  
Kúltúr

Stígvél úr leðri  
og kálfaskinni,  
49.990 kr. Sand

Beljuskinnskór  
í einkaeign



Stígvél með loðkanti,  
11.900 kr. Bossanova







**25%**  
afmælisafsláttur  
af öllum  
samkvæmiskjólum  
4-14. nóv.

**PRINSESSAN**  
verslun/Mjódd, s. 567 4727  
[www.Prinsessan.is](http://www.Prinsessan.is)



**igma**  
verslun

Opnunartími virka daga 11-18  
og laugardaga 10-14

Igma er á Klaustrarveg 5, 101 Reykjavík  
Sími 551 1344, [www.igma.is](http://www.igma.is)

*Njóttu lífins*

Zebraut

Sólvegur

Háttvegur

Háttvegur



**FULLT AF GÓÐUM  
GALLABUXUM**  
STR. 36-56

**Rita**  
Eddufelli 2, sími 557 1730  
Bæjarlind 6, sími 554 7030



**10 ár**  
í Mörkinni  
Tilboð í gangi  
Úlpur, stuttkápur,  
rúskinnsjakkar,  
leðurjakkar  
þunnir  
ullarjakkar,  
pelskápur,  
pelsjakkar, treflar  
-  
hattar og húfur  
50% afsláttur af  
ullarkápum í  
stærðunum 36-46

**TOPP HÚSIÐ**  
Mörkinni 6 - S: 588 5518  
Opið virka daga frá kl. 10-18  
og laugardaga frá 10-16



Viðtal: BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR Myndir: HARI

# Hvað ef enginn undir tvítugu myndi *nokkurntíma* drekka áfengi?

» Skólábörn í 9. og 10. bekk fylljast nú til að sjá forvarnarleikritið *Hvað ef?* Í Hafnarfjarðarleikhúsinu í boði ýmissa stórfyrirtækja. Gunnar Sigurðsson leikstýrir verkinu sem hann segir að sé skemmtifræðsla.

## SKEMMTIFRÆÐSLA?

„Já, verkið byggir á hörðum staðreyndum og fyrirlestrum um fíkniefnaneyslu en inn á milli eru lög og skemmtiatriði þannig að fræðslan er brotin upp. Þetta virðist virka vel á krakkana því þau sitja í klukkutíma og steinþegja, nema hvað þau hlæja og klappa á réttum stöðum. Við höfum svo verið að fá skilaboð frá þeim þar sem þau þakka fyrir sýninguna og segjast aldrei ætla að drekka. Ég held að við náum að fanga athygli þeirra svona vel vegna þess að þetta eru stutt brot og það er alltaf eitthvað nýtt að gerast. „

## HVER VAR HVATINN AÐ ÞESSU?

Samfélagið hefur lengi verið að leita aðferða til forvarna og ýmislegt hefur verið prófað. Mér finnst persónulega ekki mikil forvörn í því að ég fari og segi krökkum að ég hafi verið fyllibytta fyrir þrjátíu árum. Ég er í finnum málum í dag, hætti að drekka fyrir langa löngu og það er engin forvörn í því að benda unglingum á mig. Mér finnst forvörnin aðallega felast í fræðslu. Þegar ég lagði þessa hugmynd fyrir SÁÁ vildi ég tengja saman leiklist, söng, fræðslu og skemmtiefni og reyna að koma skilaboðum áleiðis um leið, nýta töfra leikhússins til að velta upp spurningum. Leikhópurinn byrjaði á því að fara út í skólana og spyrja krakkana hvernig fræðslu þau vilja fá og hvernig þessi heimur horfir við þeim í dag. Við komumst að því okkur til mikillar skelfingar að það er auðveldara fyrir krakka að ná sér í fíkniefni en tóbak og við komumst að því líka að krökkunum fannst unglingadrykkja jafn vitlaus og okkur þó þau hefðu

flest eitthvað verið að fíkta við áfengisneyslu. Við spurðum þau hvernig forvarnir þau vildu fá og þau sögðust vilja fræðslu, fá að vita hvað er í gangi, skemmtun svo þau haldist við efnið og svo megið þið ekki skamma okkur! Og það höfum við reynt að hafa að leiðarljósi.

## HVERJIR STANDA AÐ SÝNINGUNNI?

SÁÁ lagði til fjármuni til að koma henni á koppinn en fyrirtæki eins og Aktavis, Kjörís og Vífilfell hafa keypt sýningar og bjóða krökkum úr 9. og 10. bekk. Það hefur ekki gerst áður að stór félagsskapur eins og SÁÁ vinni svona verkefni. Leikhópurinn sótti fundi og fyrirlestra á vegum samtakanna, þau töluðu við unglinga sem hafa farið út af brautinni og foreldra sem hafa misst börnin sín. Leikararnir leggja til sinn texta og eru bara þeir sjálfir og hópurinn samdi þetta verk saman enda fannst öllum þetta svo heillandi viðfangsefni.

## TITILLINN HVAÐ EF?

Verkið tekur á alvarlegum málum eins og áfengisneyslu, nauðgunum og sjálfsmorðum og þegar svoleiðis mál koma upp þá spyr fólk sig oft Hvað ef...? eitthvað hefði verið öðruvísi, hefði þetta þá farið svona? Og stóra spurningin er auðvitað: hvað ef enginn neytti áfengis fyrr en eftir tvítugt? Hvernig væri samfélagið þá? Þá myndu stóralvarleg þjóðfélagsleg mein heyra sögunni til. Góðu fréttirnar eru hinsvegar þær að fíkniefnaneysla er val og fíkn er sjúkdómur sem hægt er að meðhöndla. Þetta er engin fuglaflensa.

Vinsælu

**EUROCONFORTO**  
heilsuskónir.



ZANDRA GARÐATORGI • NÍNA AKRANESI • HEIMAHORNID  
STYKKISHÓLMI • OKKAR Á MILLI EGILSSTÖÐUM • KAUPTÚN  
VOPNAFIRÐI • TÖFF FÖT HÚSAVÍK • PERFECT AKUREYRI • GS  
AKUREYRI • JAZZ VESTMANNAEYJUM.



# MIRALE

Full búð af  
glæsilegum jólagjöfum



**MIRALE**  
Grensásvegi 8  
108 Reykjavík  
sími: 517 1020

opið:  
mán. - föstud. 11-18  
laugard. 11-15

**ALESSI**

Mirale er eini  
viðurkenndi  
söluaðili Alessi  
á Íslandi



## Sprengja!

Allar vörur á tilboði aðeins út laugardag!  
Nýjar vörur streyma inn!  
Karlmannsföt allt að 50%!  
Gríptu tækifærið og kíktu í Hveró!

### TÍSKA OG STÍLL

SUNNUMÖRK 2 HVERAGERÐI

S: 483 4121 GSM: 848 8127  
WWW.STILISTINN.IS

ricco vero

stilstinn



# FJÖLGAR Í HIRÐ PRINSINS

» Friðrik prins hefur 27 þjóna í hirð sinni enda orðinn fjölskyldumaður. Þar á meðal eru kokkar enda þau hjónin fallinn frá ætlun sinni að sjá um matseldina sjálf. Nýjasti starfsmaðurinn er föstra fyrir litla prinsinn sem enn er ónefndur.

## HVAÐ Á PRINSINN AÐ HEITA?

Nú er litli prinsinn að verða þriggja vikna. Foreldrar hans hafa ekki látið uppi um hvað eða hvenær hann verður skírður. Samkvæmt hefðinni verður hann skírður Kristján og yrði því einn daginn Kristján ellefti Danakonungur. Ekki eru þó allir Danir sáttir við þetta nafn og hefur dagblaðið Ekstrabladet beðið lesendur sína um að senda tillögur að nýjum nöfnum.

## SKÍRNARKJÓLLINN AÐ VERÐA OF LÍTILL

Tíminn vinnur ekki með skírnarkjól fjölskyldunnar sem langalangaafi prinsins, Kristján tíundi var fyrstur skírður í 1870. Bræðurnir Friðrik og Jóakim voru einnig skírðir í þessum sama kjól og því líklegt að hann verði notaður aftur nú. Gallinn er hins vegar sá að kjóllinn er stuttur enda hafa þeir sem skírðir hafa verið í honum verið rétt fjögurra til sex vikna gamlir. Mary og Friðrik verði því að hafa hraðar hendur og ákveða hvað drengurinn skuli heita en sennilega mun hann vera nefndur þremur til fjórum nöfnum.

## MEÐ 27 MANNA HIRÐ

Þegar Friðrik var einhleypur hafði hann aðeins tvo þjóna í hirð sinni. Nú eru þeir hins vegar 27 enda hann nú orðinn fjölskyldumaður. Nýjasti starfsmaðurinn er föstra fyrir prinsinn en einnig eru í starfslíðinu þjónar, stílistar, kokkar, ræstítæknar og

garðyrkjufólk. Upphaflega ætluðu Mary og Friðrik að sjá um alla matseldina sjálf en sökum vinnuálags þá hafa þau frekar gert eins og annað kóngafólk og fengið atvinnumenn til að sjá matinn. Það er því ekki útlit fyrir að prinsinn fái eins hefðbundið uppeldi eins og foreldrar hans höfðu sagst ætla að veita honum. Hann verður væntanlega umkringdur þjónustufólki alla daga og mun hann sennilega sjaldan sjá foreldra sína hræra í pottum eða strauja föt.

## FJÖLSKYLDAN Í KALLFÆRI

Nú hefur stóra systir Mary flutt inn til þeirra. Ætlar hún að hjálpa Mary við uppeldi ríkiserfingjans unga svona rétt í byrjun. Systirin, Jane Stephens veit líka hvað hún syngur enda þriggja barna móðir sjálf. Aðrir ættingjar verða líka í kallfæri enda búa Margrét og Hinrik stutt frá heimili fjöl-



Hamingjúsóm hjón með barn, hund og vörð. Svona er hirðlífið.

skyldunnar. Faðir Mary er svo að flytja til Kaupmannahafnar frá Árósum en nýverið keypti hann íbúð í Nýhófn.

## ALEXANDRA EKKI ENN KÍKT Í HEIMSÓKN

Þegar prinsinn fæddist var Alexandra ásamt sonum sínum og kærasta á Grikklandi. Nú þremur vikur síðar hefur hún ekki enn heimsótt prinsinn unga. Hefur það valdið hneykslun enda hafði fólk talið að Alexandra hefði átt að vera með þeim fyrstu til að kíkja í heimsókn. Synir hennar tveir hafa ekki heldur hitt nýja frænda sinn. Þegar þeir loks gera það verða þeir eflaust í fylgd með föður sínum en ekki móður. Það er því útlit fyrir að Alexandra sé að fjarlægjast fyrrum tengdafjölskyldu sína enda komin í alvarlegt samband við nýja mann.



Russell er flott nafn gæti Mary verið að hugsa.



Frændurnir hafa ekki hitt nýja litla frænda sinn.



Alexandra prinsessa hefur enn ekki heimsótt prinsinn unga og vekur það hneykslan.



Þau hafa mikið að gera hjónakornin Mary og Friðrik og því ekki tíma til að standa í heimilisstórfum.

# NY FRÁBÆR ÆFINGAKERFI FRÁ ÁGÚSTU JOHNSON

Æfingar sem þú getur stundað hvenær sem þér hentar  
Einfalt, þægilegt og þú kemst í fínt form

VHS og DVD



Mótaðu fallega og vel þjálfaða vöðva með teygjurenningi. Njóttu þess að gera æfingarnar með afslappandi tónlist. Teygjurenningurinn fylgir með!

Hefurðu lítinn tíma til að stunda þjálfun? Þrú hnitmiðaðuð 10 mínútna æfingakerfi sem gefa góðan árangur

**Nýtt!** Nú fást myndböndin: Magi, rass og læri og Hámarks árangur einnig á DVD

Fást í Hagkaup og í Hreyfingu  
[www.hreyfing.is](http://www.hreyfing.is)

# Hugsa mest um það sem er gott

Ingibjörg Þorbergs lætur ekki deigan síga þrátt fyrir að vera hátt á áttatræðisaldri.

**I**ngibjörg Þorbergs er sjötíu og átta ára en gæti vel verið fjórutíu og átta. Eða átján. Það er eitthvað svo lifandi og bjart yfir þessum tónlistarmanni sem hefur samið lög sem eru svo greytt í þjóðarvitundina að margir halda að þau séu þjóðlög. Lög eins og *Jólakötturinn* sem Björk söng, *Grylukvæði* sem Megas söng og *Aravísumnar* sem öll börn þekkja. Að auki falleg jólalög eins og *Það dimmir og hljóðnar í Davíðsborg*, *Jólabros* sem Egill Ólafsson söng og *Hvít er borg og bær*. Og þeir sem héldu að hún væri sest í helgan stein verða að endurskoða hug sinn því nú er þegar farin að hljóma á öldum ljósvakans glæný plata með tónsmíðum hennar við texta Kristjáns Hreinssonar skálds. Og ekki nóg með það, það er hún sjálf sem syngur. „Já, ný plata, nærri áttatræð kelling,“ segir Ingibjörg hlæjandi þar sem við hittumst yfir kaffibolla á Hótel Loftleiðum rétt áður en platan kom út. „Ég á Kristjáni skáldi Hreinssyni það að þakka eða kenna. Hann var alltaf að koma með ljóð til mín og bað mig að gera lög við þau og mér leist ljómandi vel á. En mér datt ekki í hug að hann ætlaði að biðja mig að syngja lögin Ég spilaði þau auðvitað inn fyrir hann og söng, svona til að leyfa honum að heyra, og þá sagði hann að ég ætti að syngja á plötunni. „Kemur ekki til greina,“ sagði ég, „en ef þú vilt fá einhvern til að spila með mér get ég svo sem prófað.“ Daginn eftir kom hann með Þóri Baldursson, sem er svo dásamlegur maður og við sungum þarna nokkur lög. Kristján fór með þetta til útgefandans, Tólf tóna, og þar var ákveðið að ég ætti að syngja þetta allt. Með mér á plötunni spilar Flís tríóið, svo flinkir ungir menn sem lásu þetta næstum bara af blaðinu. Svo taka stelpur úr Kársneskórnum undir nokkur lög með mér svo nú er ég komin í barnakór aftur,“ segir Ingibjörg og hlær aftur.

En hvernig lög skyldu þetta vera?

„Þetta eru vísnalög með svona smá djassívaði, sem öll fjölskyldan getur gaman af. Kristján segir að ljóðaflokkurinn spanni allt árið eða allt lífið en við tókum þetta upp á tveimur eftirmiðdögum. Strákarnir voru alveg hissa á því hvað þetta gekk vel því stundum tekur langan tíma að taka upp hvert lag. Lögin eru flest samin á þessu ári, nokkur í fyrra og tvö eða þrjú í hitteðfyrra svo þessi lög eru eiginlega öll ný, öll fimmtán.“



Ingibjörg spilar á klarinett, píanó, orgel, gítar og saxófón.

## Í SÓLGULU HÚSI

Platan heitir Í sólgulu húsi og dregur nafn sitt af húsi Kristjáns Hreinssonar í Skerjafirði. Ingibjörg þekkir það hús ljómandi vel líka. „Ég er fædd við Laugaveg 45, í húsi sem nú á að fara að rífa. Svo flutti ég í Skerjafirðir í hús sem foreldrar mínir byggðu. Þegar ég er tólf-þrettán ára er flugvöllurinn lagður og húsið okkar lendir undir honum. Í öðru húsi þar frá býr nú Kristján Hreinsson skáld. Það er sólgula húsið sem platan heitir eftir, þannig að ég þekki allt umhverfið þarna svo vel og tóftirnar af húsinu okkar standa meira að segja ennþá þar sem við krakkarnir lékum okkur fyrir sjötíu og eitthvað árum.“


## SYNGJANDI FRÁ FYRSTU STUND

Ingibjörg Þorbergs varð sjötíu og átta ára 25. október síðastliðinn og tónlistin hefur alltaf verið hennar líf og yndi. „Mamma mín hefur verið á undan sinni samtíð því hún reyndi að fara á alla tónleika sem hún komst á þegar hún gekk með mig því hana langaði svo að eignast músíkalskt barn. Enda var ég syngjandi frá því ég man eftir mér.“ Ingibjörg var líka fljót til að semja tónlist. „Ég skrifaði fyrsta lagið niður þegar ég var níu ára. Áður þóttist ég eitthvað vera að semja, var alltaf syngjandi og var í barnakór, Sólskinsdeildinni hjá Guðjóni Bjarnasyni, og söng einsöng með þeim kór í útvarpið þegar ég var tólf ára. Þetta eru að verða nokkuð mörg ár síðan ég söng fyrst opinberlega. Svona gekk þetta í mörg ár, ég var alltaf í mörgum kórum, lærði á hljóðfæri og lífði og hrærðist í tónlistinni. Pétur Pétursson þulur kom mér eiginlega af stað með dægurlögin.“

## TÆKIFÆRI Í AMERÍKU

Það var ekki algennt á þessum tíma að konur væru að semja lög. „Ég hugsa að ég sé sú fyrsta sem kemur eigin lögum á plötu. Tage Ammendrup var með útgáfuna Íslenska tóna og ég var búin að syngja eitthvað í útvarpið. Það var náttúrlega bara ein útvarpsstöð og ekkert sjónvarp svo það sem heyrðist í útvarpinu varð mjög vinsælt. Tage bað mig að semja fyrir sig lög og ég samdi lag við *Aravísumnar* og lagið *Á morgun* sem seinna var sungið úti um alla Ameríku. Hingað kom amerískur kór, kór George Washington-háskóla, og hélt tónleika. Þá var ég í Tónlistarfélag-





*„Fólk er alveg hissa á því hvað  
röddin mín heldur sér unglegri en  
ég verð að þakka það því að ég hef  
aldrei reykt... og íslenska loftinu.“*



Ingibjörg í My Fair Lady með Þjóðleikhúskórnum.

kórnum sem bauð hinum kórnum í kaffi eftir tónleikana. Stjórnandinn settist hjá mér og fór að spyrja hvað ég væri að gera. Ég sagði honum það og þá spurði hann hvort ég ætti eitthvert lag fyrir þau með enskum texta. Svo ég þýddi bara textann að *Á morgun* og lét þau hafa. Þau buðu mér til sín og ég söng með þeim, kom fram í sjónvarpinu og fékk bréf og tilboð í kjölfarið en mig langaði ekki til að vera eftir þarna úti og bara fór heim í kórana mína og útvarpið. Ég vissi líka sem var að ég er ekkert mikil bardagumanneskja og ég held að þó manni bjóðist eitthvað svona þurfi maður að berjast fyrir framhaldinu. Oft er nóg að hafa boðist eitthvað.“

Þú hefur ekkert þurft að berjast til að koma þér á framfæri?

„Nei, þetta kom bara allt af sjálfu sér. Eins og núna, ég hefði sko aldrei látið það hvarfla að mér að fara aftur að syngja inn á plötu.“

### ÓSKALÖG SJÚKLINGA

Gastu haft atvinnu af því að vera tónlistarmaður?

„Já, svona óbeint. Ég vann alltaf á útvarpinu og svo var ég í tónlistarskólanum með. Ég útskrifaðist sem klarinettleikari, fyrsti einleikarinn á klarinett sem útskrifaðist hér á landi, og kenndi á klarinett í nokkur ár en svo tímdi ég ekki að hætta í Þjóðleikhúskórnum því það var svo gaman. Kórinn var mjög virkur á þessum árum og þá var ekki kominn ballett eins og núna svo við bæði sungum og dönsuðum. Ég var í svo mörgum kórum og mátti ekki missa æfingarnar úr einum einasta þeirra. Ég söng ekki mikið á böllum nema í Gúttó, eða Góð-



„Ég kom fram í sjónvarpinu og fékk bréf og tilboð í kjölfarið en mig langaði ekki til að vera eftir þarna úti og bara fór heim í kórana mína og útvarpið.“

templarahúsinu með Carli Billich á sunnudögum. Mér fannst ekkert gaman að syngja á fylliböllum.“

Ingibjörg hafði ekki heldur áhuga á því að leggja fyrir sig söng að atvinnu. „Ég var nú alltaf í söngtímum en lagði ekkert í það að gera það af neinni alvöru. Ég var alltaf að vinna á tónlistardeild útvarpsins og það var svo skemmtilegt að ég tímdi ekki að hætta því. Þar kynntist ég allri tónlist sem kom út. Svo var ég með barnatíma og þáttinn Óskalög sjúklinga sem fólk beið eftir alla vikuna. Ég reyndi alltaf að byrja þáttinn á því að spila nýtt lag til að kynna nýja tónlist. Síðustu þrjú árin var ég dagskrárstjóri og varadagskrárstjóri.“

### MÁTTI EKKI VERA AÐ ÞVÍ AÐ GIFTAST

Ingibjörg er gift Guðmundi Jónssyni pianó-kennara. „Ég mátti aldrei vera að því að gifta mig fyrr en ég var komin yfir fertugt. Ég var svo upptekin af tónlistinni og mamma mín studdi mig í því og stjánaði við mig. Ég á engin börn sjálf en maðurinn minn var giftur áður og hann á fjögur börn og bróðir minn á börn og vinkonur mínar svo mér finnst ég eiga fullt af börnum. Svo eru lögin

mín líka börnin mín,“ segir hún og hlær. Lögin hennar eru bæði fjölbreytt og falleg enda hafa þau notið gríðarlegra vinsælda hjá mörgum kynslóðum Íslendinga. „Þetta eru alls konar lög. Barnalögin eru kannski þekktust en svo eru líka mörg jólalög. Það vantaði alltaf lög.“

Það er ekki fallegt að biðja fólk að gera upp á milli barnanna sinna en þó stenst ég ekki að biðja Ingibjörgu að nefna uppáhaldslagið sitt úr höfundarverkinu. „Ég held alltaf mikið upp á *Það dimmir og hljóðnar í Davíðsborg*. Það hefur verið sungið erlendis, bæði í Svíþjóð og Skotlandi. *Hvít er borg og bær* var líka sungið í Skotlandi, með enskum texta, í sjónvarpinu á aðfangadagsvöld. Eins og ég segi, það dettur alltaf allt upp í hendurnar á mér enda er ég alltaf óskaplega lukkuleg. Ég hef alltaf horft á björtu hliðarnar og þess vegna er ég sennilega svona hress 78 ára.“

### TÓNLISTIN ER ÆSKUBRUNNUR


Ingibjörg vill líka meina að tónlistin sé æskubrunnur. „Þýskur málsháttur segir að sá sem syngi daglega og láti klingja í sér verði níutíu og níu ára gamall. Ég spila nú ekki og syng á hverjum degi en tek undir með útvarpinu á stundum. Tíminn er svo fljótur að líða að maður kemst ekki yfir helminginn af því sem þyrfti að gera.“

Hún segist ekki eiga neinar sérstakar ráðleggingar til ungra tónskálda og tónlistarmanna. „Fólk er alveg hissa á því hvað röddin mín heldur sér unglegri en ég verð að þakka það því að ég hef aldrei reykt þó stundum hafi maður verið innan um fólk sem reykti ansi mikið, bæði í vinnunni á útvarpinu og í kórnum. Svo er íslenska loftið líka bara svo hreint og dásamlegt að það endurnýjar mann bara að fara út og draga það að sér. Líka er mikilvægt að sjá björtu hliðarnar og vera jákvæð, ekki hugsa um það neikvæða heldur bara um það sem er gott.“ Og það er engum blöðum um það að fletta að Ingibjörg Þorbergs gerir einmitt það.



Við upptökur í CBS-myndverinu í Ameríkuferðinni.





„Ég borða All Bran á hverjum degi og mér líður betur.“

**Þorleifur F. Magnússon.**



# VELLÍÐAN

Prófaðu að borða eina skál daglega af All Bran Original í 10 daga og þú finnur muninn á heilsunni, því hollara morgunkorni er varla völ á. All bran Original inniheldur 50% af ráðlögðum dagsskammti af trefjum sem bæta meltingu og hlaða líkamann fullan af orku sem fleytir þér inn í daginn.

All Bran eykur vellíðan og bætir útlit



# Daðrað við bragðlaukana

Ekki er ráðlagt að passa endalaust upp á línurnar. Við megum allavega ekki láta heilsuátakið bitna á bragðlaukunum. Þá þarf líka að rækta og dekra við öðru hvoru. Birta býður allavega í smá bragðlaukadaður og þið sjáið til hvort þið látið eftir dekrinu.

Flestir þekja nafnið Sandholt og hugsa um kökur og kræsingar þegar nafnið ber á góma. Bakarí Sandholt hefur verið starfrækt í um hundrað ár og bakað ófáar kökurnar á þeim tíma. Ásgeir Sandholt bakar er af ætt kókugerðamanna og er einn af færustu bökurum landsins. Ásgeir vinnur með kokkalandslíðinu þar sem hann sér um skreytingar og eft-

irréttagerð. Hann gaf sér tíma frá undirbúningi fyrir meistaramótið sem mun verða haldið í Basel í Sviss seinna í mánuðinum og setti saman dýrindisuppskriftir fyrir lesendur Birtu. Hann segir þolinmæði og nákvæmni í gerð eftirréttu vera lykilatriði en að samt skipti mestu máli að velja rétt hráefni. Sé það gert þá sé erfiðara að klúðra hlutunum.



Súkkulaðikaka með kremfyllingu

## HEIT SÚKKULAÐIKAKA

7stk. egg  
120 g sykur  
140 g 70% súkkulaði  
140 g smjör  
60 g hveiti

Braðið súkkulaðið með smjöri, þeytið egg og sykur þar til það verður kremad. Hellið heitri súkkulaðiþlöndunni saman við eggin og bætið hveitinu við. Hrærið rólega í 2-3 mínútur svo blandan falli. Látið standa í sólahring í lokaðri skál.

## SÚKKULAÐIÍS

750 ml mjólk  
250 ml rjómi  
100 g sykur  
90 g akasíuhunang  
270 g dökktt súkkulaði

Hitið mjólk, rjóma og sykur að suðu og hellið varlega yfir súkkulaðið í mörgum litlum skömmtum. Hitið blönduna þar til hún er ca 85°C. Kælið í sólahring og keyrið í ísvel eða mixer 2-3 sinnum með frystingu inn á milli svo ísinn verði silkimjúkur. Ísinn má einnig fá í 1/2 lítra pakkningum hjá Sandholt.

## SÚKKULAÐIKARAMELLA

90 g smjör  
45 g glúkósi  
40 g vatn  
135 g sykur  
10 g kakóduft  
40 g dökktt súkkulaði

Sjóðið allt nema súkkulaðið í potti þar til karamellan þykknar örllítið. Bætið súkkulaðinu saman við og sjóðið um stund en passið að brenni ekki. Dreifið frjállega á bökunarpappír og bakið í 180°C heitum ofni í um 10 mínútur.

## SÚKKULAÐIMIÐJAN

Dökktt krem(ganaché)  
200 g rjómi  
120 g mjólkursúkkulaði  
40 g smjör  
hýði af einni appelsínu

Hvitt krem (ganaché)  
200 g ferskur appelsínusafi  
1 msk. hunang (má sleppa)  
180 g hvítt súkkulaði  
hýði af einni appelsínu

Í báðum tilfellum hitið vökvann og hellið í litlum skömmtum yfir fínt hakkað súkkulaðið og látið smjörin fylgja á eftir. Setjið kremin í kramarhús, leyfið fyllingunni að storkna og mótið kúlur.

Kökudeigið má setja í hvaða form sem er, bæði kökuform fyrir einn botn, gamla lausbotnaformið eða jafnvel bolla. Klippið bökunarpappír í kantinn og jafnvel örllítið hærra til að setja á hliðar formsins. Fyllið 1/3 formsins með deigi og þrýstið svo súkkulaði-kremkúlunni í miðjuna, lokið svo kúluna inni með deiginu sem fyllir upp í 2/3 á forminu. Ef kakan er stór setjið þá fleiri kremkúlur í deigið. Bakið við 190-200°C í 12-15 mín (lengur ef stór) og hættið að baka áður en kakan brýst upp úr forminu. Látið standa um stund í forminu eftir bakstur. Súkkulaðikúlurnar bakast ekki en verða blautar í miðu kökunnar. Kakan er borðuð köld.

## RAUÐVÍNS-PERUCOMPOT

4 stk grænar perur  
500ml Cotes du Roussillon rauðvín  
160g sykur  
1 stk. vanillustöng  
1 stk. kanilstöng  
hýði af einni appelsínu  
3 stk. stjörnuanis  
8g pektín eða 5g matarlímsduft (má sleppa en þykkir sósuna)

Sjóðið rauðvín, sykur og krydd á lágum hita í nokkrar mínútur. Afhýðið perurnar og skerið í 1-2 cm bita og bætið í suðuna. Látið sjóða í nokkrar mínútur til viðbótar eða þar til perurnar roðna og mýkjast örllítið (ekki mauksjóða). Berið fram vel kælt og með súkkulaðiis og súkkulaðikaramellu.



# Víngerðar

## NÁMSKEIÐ

### BYRJENDUR Í HEIMAVÍNGERÐ

Áman stendur fyrir námskeiðum í heimavíngerð.

Næsta námskeið er miðvikudaginn  
9. nóv. 2005 kl. 19 til 21

Farið verður yfir ferilinn við víngerðina og gefin  
góð ráð. Leiðbeinendur eru starfsmenn Ámanar.  
Lengd u.þ.b. 2 klukkustundir.

Verð kr. 2.000,- og innifalið er byrjunarsett.  
Þátttakendum býðst 20% afslátur af öllum vörum  
Ámanar á námskeiðskvöldinu.

Nánari upplýsingar er að finna á [www.aman.is](http://www.aman.is)  
og í síma 533-1020.



Skeifunni 11d  
Sími 533 1020

HVITA HÚSÍÐ / SÍA



## alveg sérstök

sérbökuð  
vínarbrauð  
139 kr.

við erum

## alltaf að baka

það er bakarí í öllum búðunum  
okkar þar sem við bökum oft á dag



...þegar þér hentar

## Grims Heilsubuff

Gulrótar- og  
linsubaunabuff

Ítalskt  
linsubaunabuff

Hvítlauks- og  
hvítbaunabuff

- Matur er  
mannsins  
megin







## PETER LEHMANN SHIRAZ:

### *Hlaut gyllta glasið 2005*

Á dögnum var í fyrsta skipti veitt viðurkenningin „Gyllta glasið“ og stóðu Vínþjónasamtök Íslands að valinu. Innflytjendur tilnefndu vín í verðflokknum 1.200 til 1.500 kr. og sáu keppendur á Norðurlandamóti vínþjóna um að velja tíu bestu vínin. Eitt þeirra tíu vína sem hlutu „Gyllta glasið“ var Peter Lehmann Shiraz. Vinið hefur áður hlotið góða dóma vínryna hér á landi, m.a. hefur Þorri Hringsson hjá Gestgjafanum valið það vín mánaðarins.

Peter Lehmann er einn kunnasti vínframleiðandi Ástralíu, oft nefndur baróninn af Barossa. Lehmann-vínin hafa notið gífurlegra vinsælda um allan heim og er Ísland þar engin undantekning. Vín úr Shiraz-þrúgunni eru sennilega þekktustu vínafurðir Ástralía, all frá skemmtilegum neyrlutegundum upp í gríðarstór og mikil vín. Peter Lehmann Shiraz er berjasprengja af bestu gerð, kryddaður karakter en engu að síður mikill finleiki og mýkt í gangi, jafnvægið gríðarlega gott.

**Verð í vínbúðum 1.490 kr.**



# Úrval af sængur- fatnaði



ný munstur, nýjir litir  
gæði, ending og góð þjónusta



Skólavörðustíg 21 • Sími 551 4050 • Reykjavík

Jói  
Fel



## Tiramisu að hætti Jóa Fel

- með ekta ítölskum mascarpone

Kleppsvegi 152

Mán. - föst. 7 - 18. Laug. - sun. 7 - 16.

Smáralind

Mán. - föst. 9 - 19. Laug. 10 - 18. Sun. 12 - 18.

## Rollsinn í ryksugum fyrir heimili og fyrirtæki



1800 watt

M/högglista

M/bursta og bankara



www.sebo.de

Marpól ehf. • Lauffbrekku 24 • 200 Kóp.

☎ 544 5588 • 660 1940

# ÚTSALA



local

Skeifan 3A • 108 Reykjavík

Sími 517 3600 • Fax 517 3604

mylogo@mmedia.is • www.local1.is





**Þórhildur elín elínardóttir**  
með barn undir belti

## Kviði og tilhlökkun

Dóttir mín er skorðuð. Nú veit ég yfirleitt hvort hún vakir og finn að oftast sefur hún á meðan ég sef. Það gefur mér dýr- mæta von um að þetta sé yfirvegað barn sem haldi áfram að lúra vært allar nætur eftir fæðingu. Stundum vakna ég ró- lega, ligg í rökkrinu og finn hvernig allt er með kyrrum kjör- um þangað til ég fer á stjá. Þá byrjar brölt og hnoð, tásurnar spyrna í og hægt er að klappa litlum rassi á vísnum stað á bumbunni.

Samt geri ég mér ekki alveg grein fyrir því hvort hún er raun- veruleg þessi stúlka. Að þarna inni sé alvöru barn með tíu tær og fingur, ákveðið útlit og tilbúna skapgerð. Þó ég hafi eign- ast barn áður hefur akkúrat þessi litla manneskja aldrei fæðst áður. Enginn í heiminum hefur séð hana, ekki nokkur sála. Sú staðreynd finnst mér óendanlega spennandi og ógnvek- jandi og líður eins og landkönnuði á leið þangað sem enginn hefur stigið fæti fyrir.

Ég hlakka svo sannarlega til að sjá hana. Um leið fæ ég létt kvíðaköst þegar ég hugsa til hriðanna þrátt fyrir að hafa upp- lifað fæðingu dætra minna sem mestu gleðistundir lífsins. Eftir þær sé ég líka kvenkynið í nýju ljósi og furðast þessa að- lögun. Að geta gengið í gegnum hæstastig líkamlegs sársauka án þess að ganga af vitinu og verið glaðar og kátar augnabliki eftir að barnið er fætt. Ég undrast mest að ég sjálf hafi getað þetta líka, fræg kveifin.

Í fyrstu fæðingunni fékk ég mænudeygingu eftir sólarhrings barning en í annað skiptið vildi ég hafa þetta allt ægilega náttúrulegt. Þraukaði í sársaukavímu í baðkarinu á fæðing- ardeildinni óendanlega lengi en krafðist þess loks að fá mænudeygingu umsvifalaust eða hætta við alltsaman. Þá var hvorutveggja auðvitað um seinan. Þannig hef ég prófað tvær ólíkar fæðingar sem færðu mér í hendur litla frábæra stelpu í hvort sinnið.

Nú er í tísku að fæða án deyfingar. Sennilega eru einhver rök sem hníga að því að það sé betra, kannski eru konur fljótarí að jafna sig eða eitthvað. Samt finnst mér einkennilegt að ekki sé búið að finna upp mátulega fæðingardeyfingu sem er fullkomlega hættulaus og rýkur úr á hálf tíma. Eins og til dæmis sú sem er í boði hjá tannlæknum. Ég þekki fáa sem kjósa að láta draga úr endajaxl án deyfingar, það er ekkert sérstaklega móðins. Kannski væri löngu búið að finna upp réttu blönduna ef mannkynið allt gengi með og fæddi börn- in, ekki bara við konurnar.

Svona hugsa ég í kvíðaköstunum. Reyni að róa sjálfa mig með þeim ólógiska útreikningi að það sem komist inn komist út. Þegar stóra stundin rennur upp eftir um það bil þrjár vikur vil ég muna að anda rólega, slaka á og hvíla mig eins lengi og hægt er. Muna líka í þetta skiptið að biðja um mænudeygingu áður en það er orðið of seint.

## Börn og sjónvarp

Mörg börn horfa miklu meira á sjónvarp en þeim er hollt. Sjónvarpið sendir börnum líka mikið af skila- boðum sem að þau hafa ekki gott af þar sem þau eru ekki komin með þá gagnrýnu hugsun sem að þarf til að geta flokkað úr hvað er rétt og hvað er rangt. Með því að horfa á sjónvarpið með börnunum og ræða það sem fyrir augu ber geta foreldrar kennt þeim að verða gagn- rýnir sjónvarpsáhorfendur.



- 1 Verið virkir áhorfendur. Talið við börnin um efni þáttanna sem þið horfið á. Hverjir gera þættina? Hvað skilaboð senda þeir? Hvernig gætu þættirnir verið öðruvísi?
- 2 Skoðið hvaðan upplýsingar koma. Ræðið við börnin um það af hverju þið vitið það sem þið vitið. Koma upplýsingarnar bara frá einum stað eða eruð þið að taka inn mismunandi sjónarhorn?
- 3 Horfið gagnrýnum augum á auglýsingar. Auglýsingar senda fleiri skilaboð en þau að ákveðin vara sé góð. Ræðið við börnin um það hvort að auglýsingarnar ákveði fyrir okkur hvað sé fallett og hvað sé eftirsóknarvert.
- 4 Skoðið staðalímyndir í sjónvarpi. Talið við börnin um í hvaða ljósi ákveðið fólk og menning er sýnt. Ræðið hvað sé rangt við að sýna menningarheim og kynferði fólks alltaf á sama þröngsýna hátt- inn. Skoðið hvaða hópar eru útundan og eru aldrei í sjónvarps- þáttum og kvikmyndum.
- 5 Gerið ykkar eigin sjónvarpsþátt. Leyfið börnunum að leika sér með upptökuvél og reyna að búa til sinn eigin sjónvarpsþátt. Þau fá útrás fyrir sköpunargleðina og geta horft gagnrýnni augum á sjónvarpsþætti fagmanna eftir á fyrir vikú.

## Búningasafn fyrir börn

Börn hafa flest mjög gaman af því að klæða sig í búninga. Það er auðveldlega hægt að koma upp smá búningasafni í barnaherberg- inu með því að fara í gegnum göm- ul föt í fataskápnum. Tínið til allt sem þið eruð hætt að nota og veljið úr það sem börnin gætu notað sem búninga. Buxur má stytta svo að þær passi betur á börnin og ef að ermar eru klipptar af peysum er hægt að nota þær sem kjóla. Svo má sauma tölur og borða og ann- að skraut á fötin til þess að gera þau skemmtilegir.





*Erum undir  
einni sæng*

*hreinsum og  
endurnýjum*



**DÚN & FIDUR**

LAUGAVEGI 87 • SÍMI 551 8740 & 5112004

# Leik Höllin

Leikur og List

Við bjóðum upp á námskeið í:

Leikfimi (2 mánaða - 6 ára)

Tónlist (6 mánaða - 6 ára)

Myndlist (2 ára - 8 ára)

Meðgöngujóga

Ungbarnanuddi

Mömmuleikfimi

[www.leikhollin.is](http://www.leikhollin.is)

Bæjarlind 14-16 Kóp. S: 517-7900 leikhollin@leikhollin.is



**Ertu á lausu ?  
Singelringen er  
málið!!**

Dreifingaraðili:

**Hafnarsport ehf.**



**ULLARVEÐUR**

*Góð og hlý ullarföt fyrir  
krakka á öllum aldri og  
foreldrana líka.*

*Gott verð!*



**JANUS**

Barónstíg 3 • 101 Reykjavík • s. 552-7499

Opið :  
mán.- fös. 1000-1800 laug. 1000-1400







Fataskápar með venjulegum- og rennihurðum



Eldhúsinnréttingar



Baðinnréttingar



af öllum Nettoline innréttingum  
**20% Afsláttur til 10. nóv.**

# Jólin

Við veitum 20% afslátt af öllum Nettoline innréttingum vikur (tilboðið stendur til 10. nóvember)

Nýttu þér gullið tilboð okkar og nýja innviðin

nettoline

Á tilboðsdögum bjóðum við einnig allt að 25% afslátt af ELBA eldunartækjum og Snaigé kæli- og frystiskápum, þegar raftæki eru keypt með innréttingu.

# ELBA

Ítölsku ELBA tækin eru falleg, fullkomin og vönduð. Úrvalið er mikið og verðið svo hagstætt að leitun er að öðru eins.



## Viftur & háfar

### Veggviftur:

60cm	hvít eða svört/stál	kr. 5,900,-
60cm	burstað stál	kr. 12,900,-
60cm	útdregin 3 gerðir	kr. 10,900,-

### Veggháfar:

60cm	stál	kantaður	kr. 19,900,-
90cm	stál	kantaður	kr. 24,900,-
100cm	stál	kantaður	kr. 27,900,-
60cm	stál	rúnaður	kr. 24,900,-
90cm	stál	rúnaður	kr. 29,900,-

### Eyjuháfar:

66x90cm	stál	kr. 59,900
65x90cm	stál/gler	kr. 65,900



## Helluborð

2ja hellu hvítt eða stál	Frá kr. 9,700
4ra hellu hvítt eða stál	Frá kr. 17,500
4ra hellu keramik	Frá kr. 32,900
4ra hellu keram. m/snertir	Frá kr. 52,900
2ja brennara gasborð	Frá kr. 13,900
3ja brennara gasborð	kr. 31,300
4ra brennara gasborð	Frá kr. 26,900
5 brennara gasborð	Frá kr. 35,700
3 gas + 1 raf stál	kr. 23,100



## Ofnar

Hvítir	4 eða 8 kerfa	Frá kr. 27.900
Stál	4 eða 8 kerfa	Frá kr. 44.600
Stál	2ja hóffa	kr. 69.900
Stál	70cm.	kr. 73.700
Stál	90 cm.	kr. 88.900



## Gaseldavélar

Fullkominn 7-kerfa ofn og 4ra eða 5 brennara gashelluborð, stál

66-EX348	60cm	kr. 79.900
106-EX870	100cm	kr. 139.940
126-EX634	100cm	kr. 154.900
136-EX634	130cm	kr. 289.900



## Uppvottavélar

IDW-128 alinnbyggð. Kr. 69.900  
LS-12 hvít. Kr. 49.900

Þegar keypt er innrétting og tæki  
allt að  
**25% Afsláttur til 10. nóv.**

## Eldavélar

66-W955	Hvít	kr. 59,900
66-EX396	Stál	kr. 79,900





Þvottahússinnréttingar

# Wálgas!

line innréttingum í tvær  
0. nóvember ).  
réttingin verður tilbúin tímanlega fyrir jól.

þegar keypt er innsetning og rættaskil  
allt að  
**25% Afsláttur**  
tíll 10. nóv.

## Snaigé

meira en þú átt von á!  
KÆLI- OG FRYSTISKÁPAR

Snaigé kælikáparnir eru sparneytnir ( A orkuflokkur) og lágværir (38-41 dB-A).  
Danfoss kælivél, hægri eða vinstri hurðaröppun, glerhillur, flöskuhilla.  
2ja ára ábyrgð og fullkomin varahluta- og viðgerðarþjónusta.



Gerð C-290  
HxBxD=145x60x60 cm  
280 ltr. kæli

Hvítur kr. 34.900



Gerð F-245  
HxBxD=145x60x60 cm  
205 ltr. frystir

Hvítur kr. 39.900

Þeir gerast ekki  
lágværi

Sparneytinn,  
svo af ber



Gerð RF-270  
HxBxD=145x60x60 cm  
170 ltr. kæli  
61 ltr. frystir

Hvítur kr. 44.900  
Stál kr. 63.900



Gerð RF-310  
HxBxD=173x60x60 cm  
193 ltr. kæli  
92 ltr. frystir

Hvítur kr. 49.900  
Stál kr. 69.900



Gerð RF-315  
HxBxD=173x60x60 cm  
229 ltr. kæli  
61 ltr. frystir

Hvítur kr. 49.900  
Álgrár kr. 52.900  
Stál kr. 59.900



Gerð RF-360  
HxBxD=191x60x60 cm  
225 ltr. kæli  
90 ltr. frystir

Hvítur kr. 53.900  
Álgrár kr. 65.900  
Stál kr. 74.900



Gerð RF-390  
HxBxD=200x60x60 cm  
253 ltr. kæli  
90 ltr. frystir

Hvítur kr. 64.900  
Stál kr. 74.900



Snaigé kæli- og frystiskáparnir eru  
sparneytnir ("A" orkuflokkur) og  
lágværi (38-41 dB-A).  
Danfoss sér um jökulkælinguna.



**Friiform**  
Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500

Ath. Allt uppgæfið verð er staðgreiðsluverð

**OPIÐ**  
Mánudaga-föstudaga kl. 9-18  
Laugardaga kl. 10-15



## Marglitar og meinhollar

» Ólífur eru holl og góð viðbót við flestan mat.

Ólífur vinna sér æ ríkari sess í matarmenningu landans enda sameina þær að vera góðar á bragðið og líka ólíkar flestum öðrum fæðutegundum. Svo eru þær líka meinhollar þó auðvitað beri að gæta hófs við neyslu þeirra.



Ólífur eru ríkar af hjartavænum einómettuðum fitusýrum sem gerir þær að góðum valkosti þegar á að gæða salatið meira bragði eða pastaréttina eða bara eintómar sem nasl. Ólífur eru til af mörgum tegundum og frá ýmsum svæðum í heiminum. Litbrigðin fara eftir því hversu lengi þær fá að þroskast á trénu og einnig hvaða geymsluáferðir eru notaðar. Grænar ólífur eru tíndar snemma og eru hálfgerðir grænjaxlar en svartar ólífur eru hinsvegar fullþroskaðar. Sama hvernig þær eru á litinn innihalda þær samt allar þessar góðu fitusýrur. Ólífur geta verið hættulegar þeim sem þurfa að vara sig á vigtni og því er ráðlegt að hafa fulla meðvitund þegar þeirra er neytt. Ekki er ráðlegt að borða meira en tíu til fimmtán í einu.

## Borðað án svengdar

» Hungur er ekki alltaf ástæða þess að við seilumst til þess að narta eða borða stórar máltíðir. Nokkur atriði sem stjórna matarlystinni hjá okkur hafa ekkert með hungur að gera. Hér fara leiðirnar til að sigrast á þeim.

### Stress

Þegar við erum stressuð framleiðir líkaminn hormónið kortisol sem eykur viðbragðsstöðu líkamans. Þá telur líkaminn sig þurfa meiri orku til að bregðast við yfirvofandi hættu. Stress getur á þennan máta verið ástæða þess að við sækjum í mat.



**Leiðin út er að** finna leiðir til að draga úr stressi í lífi þínu. Tengist stressið heimili, vinnu, sambandi eða er forgangsröðin í lífinu röng? Mikilvægt er að ætla sér tíma á hverjum degi til slökunar. Göngutúr á hverjum degi getur dregið úr magni kortisols í líkamanum.

### Stöðug hungurtilfinning

Það getur verið ávani að borða of mikið. Margir halda því fram að þeir séu með stæri maga en aðrir eða meiri matarlyst en svo er ekki. Þetta er ávani sem hægt er að losa sig við á stuttum tíma.



**Leiðin út er að** láta ruslfæði og unnin mat eiga sig. Betra er að borða brauð úr heilhveiti, ávexti, grænmeti, hnetur og jógúrt. Njóttu matarins einnig með því að borða hægar.

### Huggun í mat

Þegar við erum einmana, reið eða kvíðin eigum við það til að leita huggunar í mat. Þá erum við að nota mat sem hækju í stað þess að takast á við tilfinningar okkar. Þetta veitir aðeins tíma-bundna sefjun.



**Leiðin út er að** komast að ástæðunni hvers vegna þú leitar í mat þegar þú ert ekki svöng/svangur. Finnur þú fyrir leiða, depurð, einmanaleika eða reiði? Reyndu að takast á við þessar tilfinningar og koma auga á hvað það er sem kveikir í löngunni í mat. Með því móti getur þú bæði komið í veg fyrir ástandið eða leitað annarra leiða.

### Skortur á svefni

Skortur á svefni hefur neikvæð áhrif á efnaskipti líkamans og hormónaframleiðslu sem hjálpa til við að stjórna matarlyst. Svefnleysi dregur úr magni hormónsins leptín sem aðvarar heilann þegar líkaminn er búinn að fá fæðumagnið sem hann þarf.



**Leiðin út er að** forðast alkóhól, koffín og reykingar. Mikilvægt er að stunda ekki hreyfingu rétt fyrir svefn. Hreyfing eykur efnaskiptin og þér reynist erfiðara að sofa. Gott er að fara í heitt bað rétt fyrir svefnn og ekki síður að hafa reglulegan svefntíma.

## Ólífuolía er allra meina bót

» Nokkrir fróðleiksmolar um vinsælustu grænmetisolíu í heimi.

Nýlega fannst nýtt efnasamband í jómfrúrólífuolíu sem kallast oleocanthal og er náskylt bólgueyðandi efnasamböndum í flestum almennum verkjalyfjum. Það kynnir að skýra hversvegna ólífuolía hefur svona góð áhrif gegn hjartasjúkdómum sem vísindamenn telja nú að stafi að einhverju leyti af bólgum. Einnig er oleocanthal talið geta dregið úr myndum krabbameins í líkamanum.



Ólífuolíur eru flokkaðar eftir sýrustigi. Ofurjómfrúolía er kaldhreinsoð og inniheldur ekki nema 0,8% síru enda er hún talin mesta eðalolían af þeim öllum.

Ólífuolía er auðvitað feit og hitaæiningarík eins og önnur olía en samt virðist svo vera að þeir sem nota hana frekar en aðra fitu eigi síður á hættu að verða fitubollunni að bráð.

Ólífutré geta orðið mörg þúsund ára gömul og talið er að árið 1980 hafi enn staðið ólífutré úr lundi sem Plató notaði sem kennslustofu 2300 árum fyrir Krist.

Ólífulauf eru tákn friðar og mynda kransinn í merki Sameinuðu þjóðanna.

Liturinn á ólífuolíunni er ekki endilega til marks um gæðin. Þó eru grænni olíurnar líklegri til að vera unnar úr óþroskaðri ólífum og líka til að vera kaldhreinsaðar.



Ólífuolía er líka góð fyrir húðina. Settu hana í lófana og berðu á olnbogana eða aðra staði sem eru þurrir eða þorna á veturna. Einnig er afar gott að setja nokkra dropa út í baðið. Ef þú ert með þurr hár er gott að bera smáslurk í hárið í staðinn fyrir næringu.

**Latabæjar  
vítamín**  
meiri  
krakkakraftur

**Fæst í verslunum Hagkaupa**

## ashtanga vinyasa jóga byrjendanámskeið

7.nóvember til 25.nóvember **skráning hafin**  
kennari ingibjörg stefánsdóttir  
skráning í síma 553 0203 og [joga@yogashala.is](mailto:joga@yogashala.is)  
vinyasa jóga ~ meðgöngujóga ~ hatha jóga



engjateigur 5

yoga shala

[www.yogashala.is](http://www.yogashala.is)

**CANDEREL**

Ótrúlega létt

Canderel er gott bæði á heita rétti sem kalda. Það gefur gott sætubragð en án beiska bragðsins sem einkennir sum sætuefni og án kalórianna sem eru í sykri. Því segjum við: Sætt án samviskubits

## Nýjar vörur úr íslenskum fjallagrösum

*Með kveðju  
frá náttúrunni*



### Magamixtúra

Kemur jafnvægi á maga,  
örvar meltingu, mýkir  
hægðir.

### Hálsmixtúra með hunangi

Minnkar særindi í hálsi,  
mýkir, dregur úr hósta  
og ertingu.

íslensk  
fjallagrös

Fæst í apótekum

[www.iceherbs.is](http://www.iceherbs.is) • Dreifing Lyfjadreifing





## brynhildur björnsdóttir stingur í samband

### Uppskrift að góðu rifrildi

„Hve oft leyndist strengur í brjósti sem brast, við biturt andsvar gefið án saka, hve iðrar margt líf eitt augnakast sem aldrei verður dregið til baka,“ mælti Einar Benediktsson skáld fyrir munn Starkaðar í einræðum hans og þessi orð eru einhvern veginn svo ótrúlega beinskeytt og hárrétt að það er við hæfi að hafa þau yfir enn hundrað árum eftir að þau voru upphugsuð og rituð.

Það er hollt að rifast. Þetta vita allir sem hafa átt í ástarsambandi, átt systkin eða bara verið í skapandi samstarfi á vinnustað. Það skiptir hins vegar gríðarlega miklu máli hvernig er rifist. Það er hægt að ráðast á sálina í þeim sem manni þykir vænst um og rífa þar og klóra í þá staði sem viðkvæmastir eru og maður veit að eru viðkvæmir vegna þess að elskhugi okkar hefur þorað að vera varnarlauus og sýna okkur inn í sálina á sér. Það er hægt að velta fólki upp úr vanmáttarkennd sinni, vanlíðan og einhverri gamalli niðurlægingu sem það hefur trúð okkur fyrir og hægt að ná hreðjatakí á báðum kynjum með því að vera bara nógu andstyggilegt fól. Þegar þú ert mjög sár liggur þetta beinast við. Auðvitað getur maki manns verið andstyggilegur og jafnvel beitt þessum aðferðum sjálfur. En það skilar nákvæmlega engu. Það eina sem kemur út úr blóðugu rifrildi eru vondar minningar og tilfinningin að hafa verið svikinn. Svik geta verið svo margs konar og það að nota sér trúndarupplýsingar til að sára ástvin sinn getur ekki flokkast undir neitt annað.

Rifrildi geta líka, ótrúlegt en satt, snúist um aðra hluti en persónubresti þess sem maður er að rifast við. Þau geta til að mynda verið rökræður um atvikið sem olli því að einhverjum mislíkaði eitthvað og hvað er hægt að læra af því. Þá er hægt að uppræta mögulega skemmd í ástarsambandinu og gera það þannig alltaf betra og betra frekar en að rífa niður, grafa undan og eyðileggja.

Uppskrift að góðu rifrildi:

- Segðu „Ég upplifði þetta svona“, frekar en „Hvers konar \*\*\* fífl ertu!“
  - Dæmi: „Mér fannst mjög leiðinlegt þegar þú sagðir þetta...“ í staðinn fyrir „Þú ert nú ekkert mikið betri sjálf/ur í þessum máli...“
  - Passaðu að hækka ekki róminn. Ef þú talar hærra þá eykst adrenalínflæðið hjá þér og sá sem þú ert að tala við hvekkist og upplifir það sem þú segir sem áras í staðinn fyrir þær réttmætu ábendingar sem það eflaust er.
  - Ekki rifast þegar þú ert reiður. Kannski öfugmæli og kannski heita rifrildi frekar rökræður þegar þau fara fram án teljandi blóðhita en hugsaðu málið, hvort viltu heldur fá að ausa úr skálum reiði þinnar, sem eru sennilega ótæmandi hvort sem er, eða fá lausn á vandamálinu sem fékk þig til að skipta skapi?
- Að lokum: Það er mjög gott að sættast heilum sættum eftir rifrildi en ef þú þarft að brydda upp á ósætti til að njóta gleðilegra ásta með maka þínum ættirðu að endurskoða ýmislegt.

## Er verið að halda framhjá þér?

Framhjáald er því miður staðreynd sem allt of margir þurfa að horfast í augu við. En hvernig áttu að vita hvort þú ert í því miðju?

1. Ástin þín fær skyndilega meiri áhuga á útliti sínu og fer oftar í bað og klippingu. Spútnik hættir að vera bara rússnesk raketta.
2. Skyndilega verður ástin þín að sinna vinum sínum svo ákaft að hann/hún er varla heima eitt einasta kvöld. Ef þú færð svo einu sinni að fara út vill viðkomandi alls ekki koma með þér og svo er á tali allt kvöldið.
3. Síminn og tölvan verða allt í einu „einkasvæði sem þér koma bara ekkert við.“ Óútskýrt sms berast svo til daglega með tilheyrandi óhljóðum og tölvan og netið verða skyndilega miklu mikilvægari hluti af lífi hans/hennar en áður.
4. Þú manst ekki hvenær þið kysstust síðast almennilega, hvað þá sofnuðu í faðmlögum. Ástin þín þarf skyndilega miklu meira „persónulegt rými“.
5. Ástandið í Írak, kuldinn úti, leiðinlega kaffikonan í vinnunni, matarlyktin af efri hæðinni - allar mögulegar afsakanir eru dregnar upp til að þurfa ekki að njóta ásta með þér.
6. Þá sjaldan að þið lyftið ykkur á kreik eru ýmsar nýjar listir viðhafðar sem þú hefur aldrei orðið vitni að áður. Jú, vissulega er möguleiki að eitthvað af þessu sé lært á netinu en þú ættir samt að hafa þínar efasemdir.



Áðalpersónurnar í einu afdrifarikasta framhjáaldsmáli okkar tíma.

## stjörnuspá

4. nóvember – 10. nóvember

### HRÚTUR 20. MARS – 19. APRÍL



Þú siglir nú inn í skeið fjármálaskipulags og það er fínt því þú hefur staðið í allskonar útgjöldum upp á síðkastið. Þér gætu þótt mál-in þróast hægt en ekki örventa, hrútur sáll, því góðir hlutir gerast hægt.

### NAUT 20. APRÍL – 20. MAÍ



Þú hefur verið á fullu spani síðan um miðjan júlí og það er alveg komið að því að þú farir að slaka aðeins á. Ekki óttast þessa tímabundnu værd, þú færð nóga athygli og spennu í líf þitt aftur áður en varir.

### TVÍBURI 21. MAÍ – 20. JÚNÍ



Þér hentar stundum allt of vel að ýta verk-efnunni á undan þér og fá síðan streitukast þegar skilafresturinn rennur skyndilega undan þér. Það er aldrei of seint að byrja að skipuleggja sig og reyna að bjarga því sem bjarga verður.

### KRABBI 21. JÚNÍ – 22. JÚLÍ



Það gengur mikið á lífi þínu þessa dagana og það mun taka tímann sinn að greiða úr öllum flækjunum. Ekki samt örventa krabbi kær, allt leysist að lokum.

### LJÓN 23. JÚLÍ – 22. ÁGÚST



Það er togað í þig úr öllum áttum núna, bæði fjölskyldan, starfið, félagslífið og svo eru dagdraumarnir þínir líka allt í einu að stinga upp kollinum og taka sinn toll. Einbeittu þér að heimilinu og fjölskyldunni, þar liggja þín raunverulegu auðævi.

### MEYJA 23. ÁGÚST – 21. SEPTEMBER



Þú hefur verið á stöðugum þeytingi milli landshluta og jafnvel landa undanfarið og þar verður ekkert lát á. Þú ert heimakær og finnst þetta orðið dálítið mikið en huggaðu þig við að eftir þennan mánuð færðu röleg-heitin sem þú hefur sóst eftir.

### VOG 22. SEPT. – 22. OKTÓBER



Vogir eru alltaf áfjádóar í eyða peningum. Hvort sem það er til heimilisins, fyrir fjölskylduna eða bara gjafir handa hinum og þessum skaltu reyna að halda í þér í mánuði í viðbót, jölaeyðslan á eftir að fullnægja öllum þínum þörfum.

### SPORÐREKI 23. OKT. – 21. NÓVEMBER



Heimurinn er að opnast fyrir þér eins og blóm og nú er bara að slaka á og njóta ávaxta margra ára erfiðis. Draumar þínir eru í þann veginn að rættast og það eina sem þú þarft að gera er að passa að standa í þegj fyrir sjálfum þér.

### BOGMADUR 22. NÓV. – 21. DESEMBER



Þú átt eftir að koma vinum þínum ánægju-lega á óvart næstu daga. Þau vita eins og allir að þú ert fyndinn, kátur og hrókur alls fagnaðar en vita minna um blíðu og íhugu-llu hlöðina sem þú ætlar að sýna af þér á næstunni.

### STEINGEIT 22. DES. – 19. JANÚAR



Þú hefur verið svo önnum kafin við að meikaða undanfarið að þú hefur ekkert mátt vera að því að njóta félagslífsins og fjölskyldunnar. Nú verður breyting á og þú ættir að skella þér í leikhúsið og nudd eða sökkva þér í góða bók.

### VATNSBERI 20. JAN. – 18. FEBRÚAR



Þú átt von á stórtíðindum hvað varðar starfið því iðni þín og atorka undanfarna mánuði hefur loksins vakið athygli þeirra sem þú þarft að halda til að ná lengra. Haltu áfram að vera högvær og lítillátur og láttu eins og þér komi þetta allt stórkostlega á óvart.

### FISKAR 19. FEBRÚAR – 20. MARS



Þú ert tilbúinn til að taka stór skref í persónulegum þroska og ekkert síðar í félagslífinu. Ævintýrin og furður veldur bíða við hvert fótmál og þú ert hvergi smeykur heldur ættir að skella þér út í djúpu laugina.



### Síðdegislúririnn óþarfur

Bls. 4  
Sigurður R. Guðmundsson  
fararstjóri



### Húðin ljómar

Bls.2  
Freydis Guðný Hjálmarisdóttir  
hjúkrunarfræðinemi



### Flott vara sem virkar

Bls. 3  
Kristján Jónsson  
einkapjálffari

# metasys® fréttir

## ÞYNGDARSTJÓRNUN - ORKA - ÚTHALD - ÁRANGUR

Metasys áætlunin til að léttast. Náttúruleg leið til þyngdarstjórnunar.



### Metasys er hverrar krónu virði



100%  
náttúrulegt

Í vor var ég orðinn 127 kíló og var sendur í rannsóknir á sykursýkisdeild Landsspítalans. Þar kom í ljós að ég var komin með sykursýki 2, eða svokallaða áunna sykursýki og mér var skipað að léttast og fara á lyf. Eftir nokkra umhugsun tókst mér þó að innsigla samning við lækninn um að fresta lyfjainntöku en gjörbreyta þess í stað mataræði mínu. Ég ákvað að tileinka mér trefjaríkt fæði til þess að hreinsa ristilinn. Ég borðaði soðinn fisk og kjöt, ásamt grænmeti, að undanskildum kartöflum, og hreint skyr með ferskum ávöxtum var daglega á matseðlinum. Engin sykur mátti fara inn fyrir mínar varir. En það sem vantaði upp á að ég fengi alla nauðsynlega næringu ákvað ég að bæta við mig fæðubótarefnum. Þar sem ég var staddur í heilsubúð í bænum rakst ég á Metasys og vakti það strax forvitni mína. Eftir að hafa kynnt mér vöruna lét ég slag standa og keypti pakkann og sé ekki eftir því. Metasys er hverrar krónu virði. Þar sem af svo miklu var að taka ákvað ég að hefja strax inntöku á sex Metasys hylkjum á dag, tveimur á morgnanna, tveimur í hádeginu og tveimur seinnipartinn. Og viti menn kílóin bókstaflega hrundu af mér. Fyrir einum og hálfum mánuði fór ég aftur upp á Landspítala í eftirlit og kom þar á daginn að ég hafði ekki eingöngu losað mig við 26 kíló

heldur hafði blóðsykurinn náð fullkomnu jafnvægi. Læknarnir bókstaflega göptu af undrun þegar þeir sáu árangurinn en þetta var aðeins þremur mánuðum eftir að ég breytti um lífstíl og byrjaði að taka inn Metasys. Allt er þetta til skjalfest á Landspítalanum. Árangurinn þakka ég hinni fullkomnu formúlu, þ.e. breyttu mataræði, inntöku á bætiefnum og Metasys enda er það langöflugasta efni sinnar tegundar á markaðnum í dag og slær mjög á sykurþörf. Í mínu tilfelli hefur þessi árangur ekkert með hreyfingu að gera því ég get lítið sem ekkert stundað hana vegna ýmissa krankleika. Svo vil ég líka endilega koma því áleiðis að vegna þrálátrar vöðvabólgu í tveimur neðstu hryggjarliðunum hef ég lengi þurft á sjúkrahjálfun að halda. Nú hefur bólgan hjaðnað og ég kann enga aðra skýringu á því en breytt mataræði og inntöku á Metasys sem ég veit að er einnig afar bólgueyðandi vegna þess hve andoxunaríkt það er. Nú tek ég fjórar Metasys á dag en ætla fljótlega að auka skammtinn aftur í sex til þess að ná af mér síðustu kílóunum. Það er engin spurning Metasys er komið til að vera í mínu lífi!

*Sigurður Magnússon 71 árs, elli- og örorkulífeyrisþegi  
þjáðist af áunni sykursýki*



## Við erum ólík og með misjafna efnaskiptaeiginleika

Metasys kom á markað á Íslandi í janúar 2005. Það er því komin dágóð reynsla af vörinni hér á landi og umboðsaðila hafa þegar borist margar fréttir af fjölda ánægðra neytenda. Langflestir hafa fjárfest í Metasys til þess að greinast en þó eru allmargir sem taka inn Metasys til að auka orkuúthaldið. Skemmtilegt er frá því að segja að þeir sem hafa náð tókum á þyngdinni nefna þó jafnan fyrst hversu miklu meiri orku þeir hafi öðlast áður en þeir fara að telja upp kílóin sem hafa fokið. Einnig eru til mýmargar frásagnir um bætt ástand húðar og betri meltingu en Metasys er gríðarlega andoxunarríkt og því mjög hreinsandi fyrir líkamann. Allar rannsóknir á Metasys miðast við inntöku á 4 hylkjum á dag samfellt í þrjá mánuði. Fjölmargir hafa fjárfest í Metasys og prófað það í 1 til 2 mánuði og ekki fengið þann árangur sem væntingar stóðu til. Við viljum því ítreka að inntaka á Metasys miðast við þrjá mánuði svo hægt sé að meta árangur. Í flestum tilfellum hefst þyngdartapið ekki fyrr en eftir 4-6 vikur en þó eru margir sem byrja að missa kíló mun fyrr. Þeir sem léttast hægt geta aukið inntöku um 2 hylki af Metasys á dag tímabundið. Aðalatriðið er að gefast ekki upp því við erum ólík og með misjafna efnaskiptaeiginleika. Þeir sem skrúsetja mataræði sitt ásamt því að auka hreyfingu eins og ráðlagt er, margfalda árangurinn.

### Góð ráð á hátíðar- og tyllidögum

Jól, páskar og sumarfrí. Margir kannast við að missa tökin á mataræðinu á hátíðar- og tyllidögum. Samviskubitið vex jafnt og þétt, buxnastrengurinn þrengir að og gamlar minningar um ofvaxna bumbu, lendarspik og bólgnu síðubagga eiga hug þinn allan. Allur árangur runninn út í sandinn. Ráð númer 1. Fyrirgefðu sjálfum þér, nýr dagur á morgun. Númer 2. Klappaðu þér á öxlina og hvettu þig til dáða. Númer 3. Nýr dagur; nóg af vatni, grænmeti og ávöxtum. Númer 4. Metasys, 2 hylki á morgnana og 2 hylki um hádegi með máltíð og minnst einu glasi af vatni. Mundu alltaf, þú ert frábær!



## Húðin ljómar

Þar sem ég hef lengi haft áhuga á náttúru-lækningum hef ég prófað margt sem heyrir undir þær. Metasys er án efa árangursríkasta fitubrennsluæfnið sem ég hef prófað, ég fann mun á mér strax frá fyrsta degi. Metasys er eins og best verður á kosið, í senn óbruggað, ógerjað og óoxað grænt te í sínu sterkasta og hreinasta formi. Metasys jafnar blóðsykurinn sem hefur skilað sér í minni sætinda- og nartþörf hjá mér. Þar að auki er í Metasys hámarks andoxun, sem talið er minnka líkurnar á krabbameini, of háu kólesteróli og háþrýstingi ásamt því að efla ónæmiskerfið. Einnig er Metasys mjög hreinsandi og þar af leiðandi vatnslosandi. Ég hef líka tekið eftir meiri ljóma í húðinni. Ég mæli með Metasys, ekki spurning!

*Freydis Guðný Hjálmarsdóttir, nemi í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og fyrrum starfsstúlka Heilsuhússins.*





Metasys og líkamsrækt fjölfalda brennslugetuna

## Metasys frábær leið til þyngdarstjórnunar

Ég var fyrst kynntur fyrir Metasys í febrúar 2005 þegar ég fékk að sitja fund með dr. Satya, lækni sem margoft hefur komið til Íslands til þess að kynna Metasys. Tvennt fannst mér strax mjög áhugavert við Metasys, að það sé 100% náttúrulegt og hitt sem eru einstakir eiginleikar Metasys til þess að hjálpa fólki við að losna við aukakílóin, án aukaverkanna eins og hjartsláttartruflana eða aukins blóðþrýstings af völdum koffín og annarra efna. Allt byggir þetta á vísindalegum grunni. Eftir fundinn ákvað ég að prófa Metasys. Samdægurs jókst orkuúthaldið og ég varð mun kraftmeiri og einbeittari. Ólíkt öðrum fitubrennsluefnum kom þessi orkubreyting með mjög eðlilegum og heilbrigðum hætti. Næsta skref var að hvetja nokkra aðila sem eru hjá mér í einkaþjálfun til að prófa og viti menn allir fundu mun og voru sammála um að Metasys virkaði. Það er einnig ein önnur snilld við Metasys að með hverjum skammti fylgir matardagbók á íslensku með fullt af góðum heilræðum um mataræði og hreyfingu. Engu að síður vil ég nota tækifærið og benda á [www.thjalfun.is](http://www.thjalfun.is). Þar er hægt að prenta út mjög vandaða matardagbók sem enn auðveldara er að fylla inn á.

Þetta er flott vara sem virkar og er 100% náttúruleg!

*Kristján Jónsson*  
Einkaþjálfari og framkvæmdastjóri þjálfun.is

### Góð reynsla af Metasys í Bretlandi.

Metasys var markaðssett í Bretlandi 2001 og er í dag ein mest seldu þyngdarstjórnunarvaran hjá Boots verslunarkeðjunni (Boots-verslanir eru 1275 í Bretlandi). 10 þúsund Bretar hafa sent inn umsagnir sínar, 98% af þeim misstu á bilinu 5-8 kg. á þremur mánuðum.

Fjölmarginir meðferðaraðilar, næringarfræðingar og læknar í Bretlandi mæla með Metasys.







## Síðdegislúrin er nú óþarfur.

Ég hef tekið inn Metasys frá því febrúar 2005. Það kom til að því að ég sá mjög áhugvert viðtal við lækni dr. Satya í tímariti eldri borgara, Listinni að lifa. Þar greindi hann frá eiginleikum Metasys til þyngdarstjórnunar og einnig kom fram hversu andoxunarríkt og hressandi það er. Sem áhugamaður um heilbrigðan lífstil kynnti ég mér málið frekar. Eftir að ég byrjaði að taka inn Metasys fann ég fljótlega fyrir auknum styrk og úthaldi. Síðdegislúrin sem áður var ómissandi er nú óþarfur. Ég tek inn eitt til tvö hylki af Metasys á morgnana.

*Sigurður R. Guðmundsson,  
fararstjóri og fv. skólastjóri.*



### **Metasys:**

**Öflug andoxun fyrir íþróttamenn og eykur úthald.**

Nokkrir aðilar sem undirbjuggu sig fyrir Reykjavíkurmarafonið tóku inn Metasys hálf tíma fyrir æfingu. Þau voru sammála um að Metasys hefði aukið úthaldið og einnig kom fram að harðsperrur byrjenda heyrðu sögunni til.

**Metasys til þyngdarstjórnunar, 2 hylki á morgnana og 2 í hádeginu með máltíð og minnst einu glasi af vatni. Metasys til að auka orkuúthaldið 1-2 hylki á morgnana með máltíð og minnst einu glasi af vatni.**

**Metasys hentar öllum frá 16 ára aldri. 98% af þeim sem taka inn Metasys þola það.**

## Vísindalegar rannsóknir hafa sýnt að Metasys:

- Dregur úr frásogi á fitu.
- Daglegur skammtur af Metasys eykur orku og brennslugetu líkamans á við hálf tíma skokk á dag.
- Aukin orkunotkun gengur fyrst á fitubirgðir á mitti, rassi og lærum.
- Metasys dregur samkvæmt samanburðarrannsókn úr líkamsþyngd og ummáli kviðar án líkamsræktar eða breytingar á mataræði.



**metasys®**  
**áætlunin til að léttast**

Frekari upplýsingar á [www.metasys.is](http://www.metasys.is),  
öllum fyrirspurnum svarað á [metasys@simnet.is](mailto:metasys@simnet.is)

### **Útsöluastaðir eru:**

Lyfja, Lyf&heilsa, sjálfstæð apótek um allt land, Heilsuhúsið, Hagkaup, Fjarðarkaup, Yggdrasil, Maður lifandi, Lyfjaval, Blómaval, Heilsubúðin Njálsgötu, Heilsuhornið Akureyri, JSB dansrækt, Nordicaspa og Orkubarinn Sporthúsinu

# birta

» útlit & snyrtivörur





L'

O

R

Finnst þér þú líta vel út?

## HYDRA ENERGETIC

VINNUR GEGN ÞREYTUMERKJUM  
RAKAGEFANDI NÆRING



É

A

L  
PARIS

Henni finnst þú þreytulegur.

**Þreytumerki, líflaus húð, merki um langan dag? Gerðu eitthvað!  
Hydra Energetic, rakagefandi næring með C-vítamíni.**



Húðin fyllist orku.  
Húðin styrkist.  
Heilbriggt útlit allan daginn.



Fitulaust innihald, klístrast ekki.  
Berð á eftir rakstur, hefur róandi áhrif á húðina.

[www.lorealmen.com](http://www.lorealmen.com)

L'ORÉAL  
PARIS  
menexpert

ÞVÍ ÞÚ ÁTT ÞAÐ LÍKA SKILIÐ





Varalitir sem eru orðnir yfir tveggja ára gamlir geta þurrkað upp varirnar.

## Gamlir varalitir eru varasamir

» Varirnar eru veigamikill partur andlitsins.

En húð varanna er þunn og mjög viðkvæm fyrir þurrki.

Pórhalla Ágústsdóttir, snyrti-fræðingur í Lipurtá í Hafnarfirði var spurð hvernig best væri að vernda varirnar.

„Með því að halda þeim alltaf mjúkum með mýkjandi kremum. Þegar frostið bitur er sérstaklega nauðsynlegt að vera með góða vörn.“

-Er það varasalvinn góðkunni?

„Já, hann virkar vel fyrir konur undir tuttugu og fimm ára en gerir ósköp lítið fyrir þær sem eru eldri nema hvað þær verða háðar honum og með tímanum þurrkar

hann frekar varirnar. Hann er bara fita og nær ekki nema rétt að mýkja yfirborðið smá stund.“

-Hvað á þá að nota?

„Það eru til sérstök varakrem sem búið er að leggja meira í og kosta svolítið líka. Þau eru nærandi og ná betur ofan í húðina bæði á vörnum og í kringum þær. Húðin kringum varirnar er ekki ósvipuð húðinni kringum augun. Þessi hringvöðvi hrukkast mjög auðveldlega, sérstaklega hjá reykingafólki.“



Ég er ein af þeim konum sem er á spani daginn út og inn en vil þó huga að heilsunni og vera í góðu formi. **I Hreystin kemur innán frá** er bent á nauðsyn þess að hreinsa líkamann af óæskilegum efnum því annars hægir á brennslunni og við náum hvorki að vinna úr vítamínum né hollri fæðu. Hér er fullt af einföldum en markvissum ráðum sem tekur enga stund að fara eftir – og árangurinn lætur ekki á sér standa.

### Frábær bók!

**María Björk Svendsdóttir söngkona**



S: 552 1122 • [www.salkaforlag.is](http://www.salkaforlag.is)



LIÓSWIND/E. ÓL.

Pórhalla rekur snyrtistofu í Staðarberginu og kennir líka við snyrtibraut í FB.

-Er einhver vörn í varalitum eða þurrka þeir varirnar?

„Varlitir eru mjög misjafnir. Það er hægt að fá glossvaraliti með sólarvörn, reyndar ekki í mjög mörgum litum og þeir eru illa merktir. Það verður bara að spyrja afgreiðslufólk. Svo þrána varalitir eins og öll önnur krem og það finnur maður á lyktinni.

Þeir endast ekki í meira en tvö ár. Eftir það eru þeir farnir að þurrka varirnar.“

-Er enn í tísku að tattúvera varir?

„Já, það reynist mjög vel. Með árunum minnkar mismunurinn milli vara og húðar og varirnar virka þynnri en við stækkuum þær aðeins með tattúinu.“

NYTT

„Svo þetta er það sem  
kallað er undurmjúk  
barnshúð!“



*Farði með collageni, UPPLYFTING sem  
vinnur gegn ótímabærri öldrun húðarinnar.*

**BOURJOIS**  
PARIS



# Klæddu þig - í sokkabuxur!

Levante

Útsölastaðir:

Lyfja, Hagkaup,  
Lyfjaval, Lyf og heilsa,  
Perlusól Egilsstaðir,  
Silfurtorg Ísafjörður,  
Apótek Siglufjarðar

Kynning

Sock Shop

Argyle tights

kr. 1.590

Art Nouveau

kr. 1.790

Oroblu

Fást í öllum

Italy apótekum

Giorgio Armani - Wolford

Sigurboginn

Panton Mystique

Fíloro  
brúnt, svart, grátt  
Fást í  
Hagkaupum

Nælonsokkar og sokkabuxur fyrirfinnast á flestöllum heimilum landsins. Það er vitað mál að nælonefnið er viðkvæmt og er þjóðráð að hafa naglalakk í veskinu ef til lykkjufalls skyldi koma. Annað ráð við að styrkja nælonefnið er að blanda saman hálfum bolla af salti og átta bollum af vatni, setja því næst sokkabuxurnar í blönduna og láta þær liggja í um það bil hálf tíma. Næst skal hreinsa þær upp úr köldu vatni og þurrka. Þessi aðferð gerir það að verkum að sokkabuxurnar styrkjast töluvert, sökum saltsins, og kemur því síður á þær lykkjufall til að byrja með.

# NÝ SNYRTISTOFA Í MIÐBORGinni

**OPNUM LAUGARDAGINN  
5. NÓVEMBER**

nýja snyrtistofu í Tryggvagötu 28 við hliðina á  
nýju hársnyrtistofunni Senter og Radisson SAS  
1919 hótelinu

SNYRTISTOFAN



Sími 552-5005



Sími 552-9000

*Kanebo*  
INTERNATIONAL

Kynning frá kl. 14-17



## Þú færð

### L'Oréal make-up

í snyrtivörudeildum Hagkaupa

í verslunum Lyf & heilsu

Skipholts Apóteki

og Apótekaránunum Akureyri

ÞVÍ ÞÚ ÁTT ÞAÐ SKILIÐ.

**L'ORÉAL**  
PARIS





# Elskaðu neglurnar þínar



## STERKAR NEGLUR

Sterkar neglur, stöðugar neglur og neglur sem eru í jafnvægi glíma við eitt vandamál - þær geta orðið of harðar. NailSpa Manicure býður upp á öfluga meðferð fyrir allar gerðir af nöglum og einnig vernd við að halda náttúrulegri fegurð naglanna. Ennfremur býður NailSpa Manicure upp á fullkominn grunn fyrir sterkar og stöðugar neglur sem skortir oft raka.



### Smooth Cuticle Remover Gel

Gel sem fjarlægir naglabönd. Ilmmeðferð með lótusblómi + aloe vera. Aloe vera heldur þeim mjúkum og sléttum og ver gegn ertingu og roða.



### Sugar Almond Nail Peeling

Nærandi naglamaski. Ilmmeðferð með lótusblómi + möndlum. Gagnleg naglameðferð og fullkomin hreinsun samtímis: Finustu kristallar möndlusykurs hreinsa neglur og naglabönd, hrein möndluolia veitir húð og nöglum vítamín og nærandi fitusýrur og skilur eftir frábæra marspanykt. Er undanfari þeirrar meðferðar sem á eftir kemur.



## BROTHÆTTAR NEGLUR

Brothætt nögl er bitlaus og hefur oft glærar rákir langsum og táknrænan lóðréttan klofning sem aðskilur ólík lög naglarinnar. Náttúrulegt vax úr mangó og karite, rósavatn og nýr keratín rakagjafi úr sjónum dekra við neglurnar með einstakri samsetningu virkra innihaldsefna í nagla-snyrtivörum.



### Nagalakkahreinsir

Án acetone



### Nail Grow Cream

Ilmmeðferð með rós + shea butter + ceramium + mangósmjóri + rósavatni. Virkt rakagefandi krem með feitu shea butter fyrir neglur undir álagi, brothættar neglur og þær sem klofna. Eykur teygjanleika naglanna og stuðlar að auknum vexti.



## LINAR NEGLUR

Lin nögl er slétt og glansandi og ljós eða hvít á lit þar sem hún stendur fram af fingrinum. Hún virðist oft vera flöt séð frá hlið eða jafnvel skeiðarlaga. Naglaplattan er fitug og línan á milli naglaplötunnar og þess sem stendur framaf - naglamótin - eru óreglulega löguð



### Nagalakkahreinsir

Án acetone



### Nail Grow Pen

Naglavaxtarserum Þessi hágæða næringarblanda með drottningarhunnangi, sýruhvata og lofnarblómi leiðir í ljós styrkjandi, uppbyggjandi og rakagefandi áhrif djúpt í grunni naglarinnar og styrkir þannig stöðugan vöxt naglarinnar.

**NailSpa er fyrsta byltingarkennda varan sem sameinar framúrskarandi naglaumhirðu og þekkingu á ilmmeðferð. Þessi einstaka blanda sérfræðipekkingar, verðmætrar samsetningar virkra efna og upplifunar á frábærum ilmi, ilmkjarnaolíu og áferð sem sléttir, breytir handsnyrtingu í vellíðan sem gerir þig fullkomlega ánægða.**

#### Anti - Aging Ridge Filler

Ilmmeðferð með lótuþblómi + hvítu tei + aloe vera  
Grunnlag til verndar til að slétta ójöfnur og rákir í  
nöglinni. Innihaldsefni gegn öldrun vernda gegn  
rakatapi og auka móttöðuafli naglarinnar.



#### Mango Nail Serum - Öflugt naglaserum.

Blanda fyrir neglur með framandi ilmi itkatrés og mangó  
fyrir öfluga naglasnyrtingu og örvun á vexti nagla.  
Lótuþblómakraftur hreinsar húðina og verndar sprungin  
naglabönd. Ilmkjarnaolíur sem og endurnærandi og  
nærandi innihaldsefni halda teygjanleika naglanna og gera  
þær um leið sterkari.



#### Coco Mango Nail Butter

Öflugt naglakrem  
Ilmmeðferð með lótuþblómi + grænu tei.  
Mangósmjör, shea butter, jojoba olía. Feit, kraftmikil  
naglameðferð fyrir neglur sem hafa verið undir  
álagi. Frábær kókosnetu-mangóilmur. Verndar  
gegn ofþornun og sprungum í naglaböndum.



#### Biotin Nail Hardener

Naglaherðir fyrir jafnvægi  
Ilmmeðferð með rós + biotin

Bætir upp skort í næringarefnum í brothættum nöglum  
og stuðlar að stöðugum vexti nagla með fegrunar-  
vítamíns biotin. Með fjölda fitusýra, kemur  
rósaberjaolía jafnvægi á náttúrulegt fituinnihald  
naglanna og dregur úr tapi á mikilvægum raka.



**NailSpa Control fyrir linar neglur býður  
upp á valdar vörur fyrir sérstakar þarfir og  
ákjósanlegan stuðning fyrir þessa gerð af  
nöglum: styrkjandi, sem örvar vöxt nagla  
og veitir hæfilega mikinn raka. Mjög áhri-  
farík náttúruleg virk innihaldsefni eins og  
drottningarhunnangs- og lofnarblómakraftur  
koma nöglunum í jafnvægi og veita  
mikilvæg styrkjandi næringarefni.**



**alessandro**  
INTERNATIONAL



**Aðeins fáanlegt á snyrtistofum um land allt.**



## Kuldi orsakar æðaslit

» Snyrtisérfræðingurinn Brynhildur Stefanía ráðleggur öllum að nota dagkrem yfir vetrartímann. Hún segir einnig nauðsynlegt að bera á húð krakkanna sem alltaf eru með rauðar kinnar.



**Forever Living Products hefur framleitt einstakar snyrtivörur sem standa fyllilega jafnfætis öðrum þekktum merkjum.**

Með 100% meðhöndluðum Aloe Vera safi, þrávarnarvítamínum, jurtum og virkum efnum úr hafinu hefur Forever Living Products framleitt hársnyrtivörur.

Forever Living Products sameinar snyrtingu og næringu húðarinnar og býður upp á allt til andlitsfórðunar: kinnaliti, meik, maskara, púður, augnskugga, varaliti og augn- og varablýanta.

*Gæði & Mýkt*

Guðmundur A. Jóhannsson  
Sjálfstæður dreifingaraðili

Gæði og Mýkt • Grensásvegi 12 • Sími 568 1919

Mikilvægt er að huga vel að húðinni þegar kulda tekur og frystir úti. Ef fólk passar sig ekki getur það haft slæmar afleiðingar í för með sér. „Þegar húðin verður rauð er það merki um að eitthvað sé að. Ef ekki er brugðist við því getur fólk að lokum fengið æðaslit í andlitið,“ segir Brynhildur Stefanía Jakobsdóttir, snyrtisérfræðingur hjá Helenu fögru.

Til að verjast kuldanum verður að nota ákveðin krem. „Á veturna er nauðsynlegt að vera með dagkrem sem veitir góða vörn,“ segir Brynhildur og bætir því við að það sé misskilningur margra að rakakrem dugi. Þau veiti mun minni vörn gegn utanaðkomandi áreiti og geri lítið gagn í frosti. Einnig er gott fyrir þá sem vinna eða eru mikið úti við, til dæmis leikskólakennara og skíðafólk, að vera með svokallað sportkrem sem er feitara og veitir meiri vörn. Brynhildur segir að börnin gleymist oft í þessari umræðu. Kinnar þeirra verði eldrauðar og kaldar og það bara látið eiga sig. „Það er mjög mikið atriði að setja krem á krakkana yfir vetrartímann og fá þá hjálp frá sérfræðingum.“

Brynhildur ráðleggur fólki að fá húðgreiningu frá snyrtifræðingi. Oft komi fólk til hennar með auma og þurra húð sem orsakist einungis af röngum kremum. Einnig sé gott að fara í andlitsbað og húðhreinsun og heima við geta þeir sem á þurfa að halda borði á sig nærandi maska.



Brynhildur Stefanía snyrtisérfræðingur.



**BeYu®**

[bi:ju:]

Jungle Fever



**TIGER-BAG**

fylgir voru kaupum  
yfir 2500 kr.  
\*Meðan löngle  
endast.

ÍSIFLEX EHF  
www.beyu.de

• Útsöluastaðir BeYu:

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni  
Stykkishólmi - Eskifrði - Reyðarfirði - Hornafirði - Ísafirði - Húsavík - Sauðárkróki - Blönduósi

## Promesse frá Eau de Toilette

» Nýr ilmur fyrir geislandi og hvatvísar konur.

Eau de Toilette hefur sett á markað nýjan ilm sem er einstaklega mjúkur og með ávaxtakeim. Ilmurinn hefur þrjá mismunandi tóna. Ávaxtailm, blómailm og víðarkeim. Víðarkeimurinn samanstendur af hvítum sedrusviði og musk. Ávaxtailmurinn er blanda af sólberjum, bergamot og tangerínu. Blómailmurinn gefur auka mykt þar sem uppistaðan

er sambac, jasmína og orkídefur. Glasið er sérlega fallegt og rómantískt. Promesse er einstaklega kvenlegur ilmur, minnir á ástir og ljúfar stundir.



## Snertir öll skilningavitin

» Hypnôse, nýi ilmurinn frá Lancôme, býr yfir miklum töframætti.

Allir þekkja hve mikilvæg fyrstu kynnin eru. Gott ilmvatn getur haft mikil áhrif á þá ögurstund. Hypnôse frá Lancôme leggur réttu línuna frá fyrstu stund, töfrarnir, myktin og þokkin leynd sér ekki. Innihaldsefni eru eins bragðgóð og þau eru ilmandi. Helstu ilmtónar Hypnôse eru ástríðublóm sem gefa ilminum tindrandi útgeislun. Vanilla sem umvefur húðina á þokkafullan hátt og að lokum vetiveriður sem gerir ilminn áþreifanlegan og gælendi. Andstæður eru því ríkjandi en sameinast þó einstakri mykt.

Flaskan er einnig sérlega falleg, fer vel á borði sem og í veski. Hypnôse er ilmur hinnar þokkafullu og töfrandi konu.



## City Glam

» Nú er kominn nýr ilmur frá Emporio Armani, fyrir karla og fyrir konur.

Dömuilmurinn samanstendur af nútímalegum blómailm. Fyrst má finna ilm af blöndu af kóríander, mirabelle og sólberjum. Í hjarta ilmsins er að finna rós og patchouli sem myndar fagaða og kvenlega samsetningu. Í lokin má svo greina anga af kristalsmosa og musk sem gefur ilminum kynþokka. Herrailmurinn ber með sér ferskan víðarkeim. Uppistaða ilmsins eru appelsínur sem gefa ferskt yfirbragð, galanga, piparmyntu sem hefur kælandi áhrif, kristalsmosa og vetiver fyrir kynþokka og fágun. Dömuilmurinn er í bleikri flösku en herrailmurinn í blárrí.



## Skrúfblýantarnir komnir aftur

» Fyrir ári urðu margar konur miður sín þegar skruflýantarnir frá Estée Lauder voru teknir af evrópskum markaði. En nú geta konur tekið gleði sína á ný.

Vinsælu skruflýantarnir eru nú komnir aftur í sama formi og áður og með sama litaúrvali. Skruflýantarnir eru bæði fyrir augu og varir, Automatic Pencil fyrir varir og Automatic Pencil fyrir augu. Þetta eru blýantar sem aldrei þarf að ydda og eru þeir mjúkir og góðir. Liturinn situr vel og eru blýantarnir auðveldir í notkun, þeir koma með einni aukafyllingu og hægt er að kaupa fyllingarnar stakar í mismunandi litum. Fyrir varir eru í boði café rosa litur, terra, fig og chokkolate. Fyrir augu er hægt að fá svartan lit, gun metal, seal brown og walnut brown.



## Gaultier<sup>2</sup> til að njóta með öðrum

Jean Paul Gaultier hefur verið brautryðjandi og byltingarmaður í tískuheiminum í yfir tuttugu ár. Nú er komið nýtt ilmvatn frá Gaultier. Ilmurinn er bæði fyrir konur og karla.

Jean Paul Gaultier segist lengi hafa viljað rífa niður kynjamúrinn og það gerir hann nú. Nýi ilmurinn er ekki miðaður við annað kynið heldur liggur kraftur hans í snertingunni sem verður milli tveggja einstaklinga. Með nýja ilminum er Gaultier búinn að hefja sig yfir hið karlmannlega eða kvenlega og einbeitt sér að því mannlega. Gaultier<sup>2</sup> er ilmur sem njóta á með öðrum.

Ilmurinn er blandaður þremur tónum sem allir hafa jafnt vægi, amber, musk og sætur keimur af vanillu. Flaskan er fallega hönnuð og til í tveimur stærðum, sú minni passar vel í veskið.





*Allt sem þarf*  
[er magic tan]

**magic**  
TAN

www.magic-tan-iceland.com

**Magic Tan  
Reykjavík**

Smárasól, Sporthúsinu  
Dalsmára 9-11,  
201 Kópavogur  
Sími 567 8780

**Magic Tan  
Reykjanesbæ**

Nuddst. Betri liðan  
Hafnargötu 48a,  
230 Keflavík  
Sími 421 70 10

**Magic Tan  
Akureyri**

Snyrtist. Vita Liberata  
Sunnuhlöð 12,  
603 Akureyri  
Sími 468 1588



Snyrti og nuddstofan  
**PARADÍS**  
S: 553 1330  
**PARADÍS 25 ÁRA Í DAG 4. NÓVEMBER**

**GJAFAKORT**  
**UNÆDSLEG  
JÓLAGJÖF**

Fullt af flottum  
afmælistilboðum í  
Nóvember.

*Hugsaðu vel um líkama þinn,  
þú færð aðeins einn*

[www.paradis.is](http://www.paradis.is)

**BÓLURNAR  
BURT**

**Silicol Skin**  
SAGUNA  
silicol skin

**Silicol Skin**® Fæst í öllum apótekum

**Trimform Berglindar**  
Vilt þú laga línurnar?  
Við bjóðum fjölda raðbærra þáttanna

Grenningu og styrkingu  
Meðferð við vöðvabólgu  
Meðferð gegn appelsínuhúð  
Þjálfun grindarbotnsvöðva

**5 vikna áttak hefst 8. nóv**

Nánar á [www.trimform.is](http://www.trimform.is)  
upplýsingar um meðferðir  
og fjölda frábærra tilboða

Komdu í frían þrúfútíma og kynntu  
persónulegri og faglegri þjónustu

Saman náum við árangri

Opíð mán-fim 08:00-19:00 fös 08:00-18:00,  
lau 10:00-13:00  
Grensásvegi 50, sími 553-3818



## Stjörnur í fögru skinni


» Falleg húð er aðalmerki fallegs fólks og þessvegna er mikilvægt að vernda húðina og fara vel með hana. Aldurinn sést líka best á húðinni og þreyta og streita skila sér í mattri og dauflægri húð. Þetta vita stjörnurnar í Hollywood og leitast því við af fremsta megni að gæta húðarinnar vel. Allar eiga þær sérstök eftirlætis smyrsl eða aðferðir til að passa upp á húðina en auðvitað er þar fremst í flokki að nota gott rakakrem og drekka nóg vatn.



Bæði poppdrottningar og alvöru prinsessur kunna að meta frönsku Caudalie vörurnar. Madonna, Jennifer Lopez og Karólína prinsessa af Mónakkó elska þessar vörur sem byggja á pólyfenólum, öflugum þráa- varnarefnum úr vinnberjum sem haldið er fram að séu fimmtíu sinnum öflugri andoxunarefni en E-vítamín. Enda eru þær poppsystur leyndardómsfullar á svip og alls ekki farið að slá í þær...



Allir vinirnir í Fri-ends nota Karin Herzog húðvörurnar og þær hafa örugglega hjálpað þeim til að gljá á skjá í tíu ár.



Catherine Zeta-Jones er ein af fjölmörgum stjörnum sem fara reglulega í Lulur-heilsu-böðin í Kaliforníu. Þar eru notuð ótrúlega fersk og framandi hráefni eins og möluð hrisgrjón og túrmerik frá Bali til að skrúbba húðina, jógúrt til að kæla hana og jasmínulíu fyrir nuddið. Rósablöðum er stráð yfir nuddbekkina og svo er ekki slæmt að enda nuddið á því að fara í bambus sturtu frá Vichy sem líkir eftir alvöru regnvatni sem gælir við silkimjúkan líkamann. Engin furða að Antonio vilji vera svona nærri henni á þessari mynd. Og þá er hann ekki síðri, símjúkur af Zirh rakakreminu.

Clint Eastwood og Antonio Banderas eiga sér eftirlætishúðvörn sem heitir Zirh og er framléidd í New York úr alhátturulegum efnum. Enda falla konurnar fyrir þeim í hrönnun.



Nicole Kidman hefur þurft að passa húðina sína vel alla ævi og fékk til dæmis ekki að leika sér úti við hin börnin í Ástralíu heldur var alltaf bara inni að lesa. Enginn veit hvar þau eru nú en postulínshvítt skinn Nicole prýðir hverja kvikmyndina eftir aðra. Hún gætir sín enn mjög vel á sólinni og setur ýmsar kröfur á tókustöðum varðandi sólarvörn.



### Framtíðin í Húðumhirðu!

#### UltraDermi - Fyrir andlit:

Djúphreinsun / endurlífgun  
Fjarlægir bólur og ör, poka og bauga.

#### UltraCel - Fyrir líkamann:

Fjarlægir appelsínuhúð / minnkar ummál  
Dregur úr sliti og ummerkjum meðgöngu



heilsustúdíó & Snyrtistofa

Fyrir & Eftir þakkar frábærar viðtökur á **UltraCel**. Nú bjóðum við líka upp á hina einstöku **UltraDermi** andlitsmeðferð og bjóðum um leið **Guðbjörgu Grétu Steinsdóttur snyrtifræðing** velkomna til starfa. Þú færð nú allar hefðbundnar snyrtimeðferðir í Fyrir & Eftir: Vax, handsnyrting, fótsnyrting, húðhreinsun, andlitsböð, litun & plokkun o.m.m.

# purelogical®

TM

## Collagen til inntöku

Uppbygging innan frá, einstakur árangur fyrir húð og líkama.

Sléttari, stinnari og unglegri húð  
á andliti og öllum líkamanum

Gott fyrir liðina, aukinn liðugleiki  
og betri líðan.

Árangur sést og finnst  
eftir þrjár vikur



Nýjar umbúðir

Ánægðir notendur Purelogical  
Madonna  
Christina Davids  
Sex and the City



**Fæst í apótekum, fríhöfninni og Hygea.**

Collagen er öflugasta byggingarprótein líkamans, 75% af húðinni er collagen en framleiðsla líkamans minnkar með aldrinum. Afleiðingar af collagenskortri er m.a slakari húð, hrukkur og stírdleiki í liðamótum og baki. Rannsóknir sýna að PureLogical hágæða collagen stuðlar að endurnýjun og uppbyggingu líkamans, á brjóski, sinum, liðum og stöðvefjum húðarinnar. Inntaka stuðlar einnig að betri svefni. Gefur fljótt betri líðan í liðamótum, líkaminn og húðin verður fjaðurmagnaðri aukin mýkt, unglegri og stinnari. Framleitt eftir: Edible Food Regulation nr. 1999/724 EC. GMP staðall.



# Vectavir á frunsuna

Handhæg vörn, þægileg í veskið.



Fæst án  
lyfseðils!

## Viltu losna við frunsuna?

Vectavir verkar frá byrjun einkenna.  
Vectavir verkar einnig á blöðrur.  
Vectavir á 2 klst. fresti í 4 daga.  
Vectavir krem 2 g án lyfseðils.

# Vectavir... í veskið!

Vectavir krem er áhrifaríkt lyf til meðferðar á frunsu af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunnar frá sting eða æðasláttar til blöðru. Í Vectavir er virka efnið penciclóvír sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsusvæðið á 2 klst fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofreyfslu, kvef eða influensu eða í mikilli sóli (t.d. á skíðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciclóvír, famciclóvír eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsan hraðar, verkir minnka og smittími stytst. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.



Stjörnumerkin og húsverkin »

# Handhæg heimilishjálp

Það kannast allir við það að nenna ekki að taka til hendinni heima hjá sér. Þá getur reynt vel að fá vini og vandamenn til aðstoðar. En þeir eru kannski ekki endilega óðir

og uppvægir heldur... NEMA þér takist að finna út hvað þeim finnst í rauninni skemmtilegt að gera og biðja þá um það. Þá ertu með fús- an vinnumaur á þínum snærum og

getur jafnvel farið að leigja hann út í önnur hús. Það er auðvelt að finna út hvað fólki finnst skemmtilegt að gera, kíktu bara á kennitöluna þeirra...



## HRÚTUR

Parftu að láta festa upp hillu, bora í vegg eða brjóta hann niður? Þá skaltu biðja hrútinn að hjálpa þér. Hrútar eru framkvæmdavélar og þekktir fyrir að drífa sig að hlutunum. Ekki samt biðja hann um að vera lengi því einbeitingin er fljót að fara.



## NAUT

Ef þú ert að halda matarboð og veist ekki hvað þú átt að elda, hringdu þá í nautið. Nautið er nautnaseggur sem elskar góðan mat og hefur eitthvað töfralag á að búa til krásir úr engu. Naut skilja hins vegar ekki alveg tilganginn með uppvaski og frágangi svo þú þarft að fá einhvern annan í það.



## TVÍBURI

Er sjónvarpið allt í þöku, græjurnar vanstilltar og ekki hægt að hlusta á eitt einasta útvarp í húsinu? Tvíburið verður kominn heim til þín áður en þú slítur neyðarsímtalinu. Hann getur ekki hugsað sér líf án þess að vera með á nótnum og passar því upp á að þú fái þinn skammt af fjölmiðlunum og rúmlega það.



## KRABBI

Þegar nautið er búið að subba allt út í eldhúsinu hringir það í krabbann og býður honum í afganga. Krabbar elska eldhús, næringu og vatn og hver er betri til að „hjálpa til“ með fráganginn?



## LJÓN

Ljón eru auðvitað ekki til heimilisstarfa fallin, líklegri til að sitja í sófa og skipa fyrir en þau standast ekki auðveld verkefni sem sýna skjótan árangur. Þeim finnst gaman að þurrka af, einkum ef sólin skín og líka að mála stóra fleti í nýjum lit. Þau fá hins vegar ekkert út úr annarri eða þriðju umferð...



## MEYJA

Þú færð ekki betri manneskju í skúringar en hinn alræmda snyrtipinna, meyjuna. Hún á reyndar örugglega eftir að dæsa svolítið yfir ástandinu en þú sérð samt hvað hún nýtur þess þegar sentimetri fyrir sentimetra verður gljáfægður og skínandi hreinn.



## VOG

Næmt fegurðarskyn vogarinnar veldur því að hún á einstaklega auðvelt með að gera fallegt í kringum sig án þess að það þurfi að kosta neitt. Hún getur líka falið drasl á ótrúlega hugkvæman hátt svo það lítur út fyrir að vera listaverk.



## SPORÐREKI

Sporðrekar þurfa að fara á dýptina og njóta þess að gramsa í gömlum leyndarmálum. Þeir koma þessvegna stökkvandi þegar þeir fréttu af geymslu sem þarf að taka til í.



## BOGMAÐUR

